

Árið 2014, miðvikudaginn 12. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-632/2013: Ákærvaldið gegn Sigurði Kárasynt en málið var dómtekið 19. f.m.

Málið er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 21. júní 2013, á hendur:

„Sigurði Kárasynt, kt. 000000-0000,

Skildinganesi 18, Reykjavík,

fyrir eftirtalin hegningarlagabrot framin á árunum 2006 til 2010:

-

## I

Fyrir fjársvik með því að hafa í tvö skipti þann 2. janúar 2009 og 7. janúar 2009 blekkst Önnu Luan Vu til þess að afhenda sér kr. 170.000 og síðar kr. 360.000 með því að bjóða henni, vegna góðrar aðstöðu sinnar í bankakerfinu, að kaupa fyrir hana kanadíska dollara, sem hann vanefndi og síðar með því að blekkja hana til þess að afhenda sér þann 7. apríl 2009 kr. 1.200.000 þegar ákærði bar því við að hann þyrfti að kaupa flugmiða til þess að efna fyrri loforð um kaup á gjaldeyri, en sú skýring var tilhæfulaus þar sem ákærði leyndi því að hann var peningalaus í mikilli fjárþörf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkst til þess að afhenda sér fé, en fjármuni sem ákærði sveik af Önnu notaði ákærði í eigin þágu.

## II

Fyrir fjársvik með því að hafa í tuttugu skipti frá 6. desember 2007 til 14. desember 2009 blekkst Arnar Jónsson og Jón Aspar til þess að afhenda sér samtals kr. 11.765.400 með því að blekkja kærundur til að taka þátt í kaupum á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði, í nafni nafngreinds einstaklings, og í framhaldi blekkst þá til að afhenda sér fjármuni, sem lán, með tilhæfulausum skýringum um að ákærði hefði keypt fyrir framlag þeirra, og hagnað af þeim viðskiptum, dollarabréf sem ákærði þyrfti frekari fjárframlög frá brotapolum til þess að leysa út, en ákærði leyndi því að hann var peningalaus í mikilli fjárþörf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkst til þess að afhenda sér fé, en peningana frá brotþola notaði ákærði í eigin þágu. Greiðslurnar sundurliðast sem hér greinir:

<i>Tilvik</i>	<i>Dags.</i>	<i>Skýring</i>	<i>Fjárhæð</i>	
1	6.12.2007	Arnar framselur ákærða ávísun nr. 35728	kr.	1.250.000
2	6.12.2007	Arnar framselur ákærða ávísun nr. 35729	kr.	150.000
3	6.12.2007	Jón framselur ákærða ávísun nr.10773	kr.	1.100.000
4	7.12.2007	Jón framselur ákærða ávísun nr. 40118	kr.	1.500.000
5	7.3.2008	Millifærsla frá Arnari á reikning í eigu Sigurjóns Ragnarssonar	kr.	220.000
6	17.4.2008	Arnar framselur ákærða ávísun nr. 8364840	kr.	1.520.000
7	18.4.2008	Arnar afhendir ákærða seðla (0116-47-073619 og 1175-26-500384)	kr.	186.000
8	18.4.2008	Arnar framselur ákærða ávísun nr. 8364841	kr.	980.000
9	22.4.2008	Jón framselur ákærða ávísun nr.0041738 (1175-26-003083)	kr.	1.480.000
10	22.7.2008	Millifærsla frá Jóni á reikning í eigu ákærða (1175-26-003083 á 0137-26-001141)	kr.	244.000
11	22.7.2008	Jón afhendir ákærða seðla (1175-26-003083)	kr.	358.800
12	22.7.2008	Jón afhendir ákærða seðla (2000 USD=160.000 ísl. kr.)	kr.	160.000
13	22.7.2008	Jón afhendir ákærða seðla (0137-26-001141)	kr.	198.600
14	29.8.2008	Millif.frá Jóni á reikning í eigu ákærða (á 0137-26-001141)	kr.	360.000
15	8.9.2008	Arnar afhendir ákærða seðla (af 1175-26-500384)	kr.	108.000
16	16.4.2009	Millif.frá Jóni á reikning í eigu ákærða (1175-47-210915 á 0130-26-011141)	kr.	500.000

17	16.4.2009	Millif. frá Jóni á reikning í eigu ákærða (1175-15-660416 og 1175-26-003083 á 0130-26-011141)	kr.	300.000
18	16.4.2009	Millif. frá Jóni á reikning í eigu ákærða (1175-47-210915 á 0130-26-011141)	kr.	50.000
19	17.4.2009	Millif. frá Jóni á ákærða (1175-47-210915 á 0130-26-011141)	kr.	550.000
20	14.12.2009	Arnar afhendir ákærða seðla (peningar frá Jennýju Th.)	Kr.	550.000
		<b>Samtals:</b>	<b>kr.</b>	<b>11.765.400</b>

### III

Fyrir fjársvik með því að blekkja Halldór Einarsson til að afhenda sér samtals kr. 2.379.000 með eftirgreindum hætti;

1. Með því að blekkja hann, þann 4. mars 2009 og í tvö skipti þann 6. mars 2009, til þess að afhenda sér kr. 499.000 og síðar kr. 1.200.000 og kr. 650.000 til þess að gera ákærða mögulegt að efna gjaldeyrissamning, en ákærði lofaði honum hagnaði af viðskiptunum. Fullyrðing ákærða um tilurð gjaldeyrissamningsins var tilhæfulaus og leyndi hann því að hann var peningalaus í mikilli fjárförf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkt til þess að afhenda sér fé, en peningana notaði ákærði í eigin þágu.

2. Með því að blekkja hann til að afhenda sér þann 6. apríl 2010 kr. 30.000 með tilhæfulausum skýringum um að greiðslan væri nauðsynleg til að liðka fyrir upphaflegum gjaldeyrisviðskiptum, en ákærði leyndi því að hann var peningalaus í mikilli fjárförf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkt til þess að afhenda sér fé, en 30.000 kr. notaði ákærði í eigin þágu.

### IV

Fyrir fjársvik með því að hafa í sautján skipti frá 4. maí 2009 til 4. nóvember 2009 blekkt Birgi Gunnsteinsson til þess að afhenda sér samtals kr. 12.090.000 sem ákærði bauð honum að ávaxta með þátttöku í gjaldeyrisviðskiptum ákærða, sem ákærði stundaði ekki, heldur leyndi hann því að hann var peningalaus í mikilli fjárförf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkt til þess að afhenda sér fé, en peningana notaði ákærði í eigin þágu. Greiðslurnar sundurliðast með eftirgreindum hætti:

<i>Tilvik</i>	<i>Dags.</i>	<i>Skýring</i>	<i>Fjárhæð</i>	
1	04.05.2009	Lagt inn á reikn. nr. 1121-05-41760 í eigu ákærða	kr.	1.200.000
2	04.05.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	104.000
3	15.05.2009	Lagt inn á reikn. nr. 1121-05-41760 í eigu ákærða	kr.	300.000
4	15.05.2009	Lagt inn á reikn. nr. 1121-05-41760 í eigu ákærða	kr.	1.200.000
5	10.06.2009	Lagt inn á reikn. nr. 1121-05-41760 í eigu ákærða	kr.	27.000
6	30.06.2009	Lagt inn á reikning nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	280.000
7	01.07.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	1.600.000
8	02.07.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	450.000
9	06.07.2009	Framsál ávísunar nr. 1023420	kr.	2.215.000
10	13.07.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	475.000
11	14.07.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	1.655.000
12	21.07.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	340.000
13	28.07.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	900.000
14	31.07.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	780.000
15	27.08.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	428.000
16	07.09.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	135.000

17	04.11.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	1.000
		<b>Samtals:</b>	<b>kr.</b>	<b>12.090.000</b>

## V

Fyrir fjársvik með því að hafa í fimmtán skipti frá 28. nóvember 2008 til 12. mars 2010 blekkir Örn Bárð Jónsson til þess að afhenda sér samtals kr. 9.950.890 sem ákærði bauð honum að ávaxta með kaupum á gjaldeyri og gjaldeyrisviðskiptum, sem ákærði stundaði ekki, heldur leyndi hann því að hann var peningalaus í mikilli fjárförf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkir til þess að afhenda sér fé, en fé frá brotaþola notaði ákærði í eigin þágu. Greiðslurnar sundurliðast með eftirgreindum hætti:

<i>Tilvik</i>	<i>Dags.</i>	<i>Skýring</i>	<i>Fjárhæð</i>	
1	28.11.2008	Framsal ávísunar nr. 1341664	kr.	750.000
2	2.12.2008	Framsal ávísunar nr. 5592644	kr.	1.200.000
3	2.12.2008	Framsal ávísunar nr. 9724547	kr.	800.000
4	11.12.2008	Framsal ávísunar nr. 1018526	kr.	2.100.000
5	12.01.2009	Lagt inn á reikn. nr. 130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	315.890
6	12.01.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	63.000
7	14.01.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	75.000
8	16.01.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	868.000
9	16.01.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	600.000
10	16.01.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	1.053.000
11	22.01.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	430.000

12	09.02.2010	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	1.031.000
13	13.02.2010	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	15.000
14	12.03.2010	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	350.000
15	12.03.2010	Lagt inn á reikning 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	300.000
		<b>Samtals</b>	<b>kr.</b>	<b>9.950.890</b>

## VI

Fyrir fjársvik með því að hafa í átta skipti frá 6. desember 2006 til 28. október 2008 blekkir Jón Pétursson til þess að afhenda sér samtals kr. 4.924.000 sem ákærði bauð honum að ávaxta með kaupum á gjaldeyri og gjaldeyrisviðskiptum, sem ákærði stundaði ekki, heldur leyndi hann kæranda því að hann var peningalaus í mikilli fjárpörf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkir til þess að afhenda sér fé, en peningana frá brotþola notaði ákærði í eigin þágu. Greiðslurnar sundurliðast sem hér greinir:

<i>Tilvik</i>	<i>Dags.</i>	<i>Skýring</i>	<i>Fjárhæð</i>	
1	06.12.2006	Framsál ávísunar nr. 0340288	kr.	800.000
2	07.12.2006	Framsál ávísunar nr. 0340293	kr.	800.000
3	11.12.2006	Framsál ávísunar nr. 0340297	kr.	400.000
4	12.12.2006	Framsál ávísunar nr. 0340301	kr.	1.000.000
5	18.12.2006	Framsál ávísunar nr. 1338261	kr.	700.000
6	28.12.2006	Framsál ávísunar nr. 0340334	kr.	1.200.000

7	26.06.2007	Lagt inn á reikning nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	12.000
8	28.10.2008	Lagt inn á reikning nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	12.000
		<b>Samtals:</b>	<b>kr.</b>	<b>4.924.000</b>

## VII

Fyrir fjársvik gegn Agli Hjartar með því að hafa blekkt hann til að afhenda sér samtals kr. 3.765.000 með eftirgreindum hætti:

1. Með því að blekkja hann til að afhenda sér samtals kr. 450.000 þann 5. desember 2008 til þess að gera ákærða mögulegt að losa um framvirkan gjaldeyrissamning en ákærði lofaði kæranda hagnaði af viðskiptunum. Fullyrðing ákærða um tilurð framvirka gjaldeyrissamningsins var tilhæfulaus en ákærði leyndi því að hann var peningalaus í mikilli fjárpörf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkt til þess að afhenda sér fé, en peningana frá brotþola notaði ákærði í eigin þágu.

2. Með því að hafa í fjögur skipti frá 12. desember 2008 til 17. desember 2008 blekkt hann til að afhenda sér samtals kr. 3.315.000, með tilhæfulausum skýringum um að greiðslurnar væru nauðsynlegar til að liðka fyrir upphaflegum gjaldeyrisviðskiptum, en ákærði leyndi því að hann var peningalaus í mikilli fjárpörf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkt til þess að afhenda sér fé, en peningana frá brotþola notaði ákærði í eigin þágu. Greiðslurnar sundurliðast sem hér greinir:

<i>Tilvik</i>	<i>Dags.</i>	<i>Skýring</i>	<i>Fjárhæð</i>	
1	12.12.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	250.000
2	15.12.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	60.000
3	16.12.2008	Framsál ávísunar nr. 1116959	kr.	2.155.000
4	17.12.2008	Framsál ávísunar nr. 1116962	kr.	850.000
		<b>Samtals:</b>	<b>kr.</b>	<b>3.315.000</b>

## VIII

Fyrir fjársvik með því að hafa í fjórtán skipti frá 7. nóvember 2008 til 18. febrúar 2010 blekkir Eyjólf Þóri Eyjólfsson til að afhenda sér samtals kr. 13.096.000 sem ákærði bauð honum í fyrsta lagi að ávaxta með kaupum á gjaldeyri og í gjaldeyrisviðskiptum, sem ákærði stundaði ekki, heldur leyndi því að hann var peningalaus, í mikilli fjárförf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkir til þess að afhenda sér fé, og í öðru lagi með tilhæfulausum skýringum um að greiðslurnar væru nauðsynlegar til að liðka fyrir upphaflegum gjaldeyrisviðskiptum, en fjármunina frá brotabola notaði ákærði í eigin þágu. Greiðslurnar sundurliðast með eftirgreindum hætti:

<i>Tilvik</i>	<i>Dags.</i>	<i>Skýring</i>	<i>Fjárhæð</i>	
1	7.11.2008	Framsál ávísunar nr. 0325158	kr.	1.200.000
2	14.11.2008	Framsál ávísunar nr. 0325092	kr.	600.000
3	17.11.2008	Framsál ávísunar nr. 0325113	kr.	850.000
4	19.11.2008	Framsál ávísunar nr. 0325116	kr.	1.500.000
5	21.11.2008	Framsál ávísunar nr. 1108731	kr.	1.600.000
6	25.11.2008	Framsál ávísunar nr. 1108722	kr.	1.470.000
7	4.12.2008	Framsál ávísunar nr. 315908	kr.	1.200.000
8	23.12.2008	Framsál ávísunar nr. 7062668	kr.	1.500.000
9	26.02.2009	Framsál ávísunar nr. 5000030	kr.	431.000
10	26.03.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	410.000
11	30.04.2009	Lagt inn á reikn. nr. 1121-05-417600 í eigu ákærða	kr.	460.000
12	26.05.2009	Lagt inn á reikn. nr. 1121-05-417600 í eigu ákærða	kr.	305.000

13	28.09.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	750.000
14	18.02.2010	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	820.000
		<b>Samtals:</b>	<b>kr.</b>	<b>13.096.000</b>

## IX

Fyrir fjársvik með því að hafa í átta skipti frá 10. mars 2008 til 9. apríl 2010 blekkir Grétar Pál Ólafsson, til þess að afhenda sér samtals kr. 8.309.000, sem lán, til þess að gera ákærða mögulegt að losa um gjaldeyri sem hann sagðist eiga inni á reikningi, en bar við að hann gæti ekki losað út nema að greiða inn á reikninginn fyrst. Fullyrðing ákærða um að hann ætti fjármuni á gjaldeyrisreikningi var tilhæfulaus en ákærði leyndi því að hann var peningalaus í mikilli fjárþörf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkir til þess að afhenda sér fé, en fjárframlög frá brotþola notaði ákærði í eigin þágu. Greiðslurnar sundurliðast sem hér greinir:

<i>Tilvik</i>	<i>Dags.</i>	<i>Skýring</i>	<i>Fjárhæð</i>	
1	10.3.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	330.000
2	11.3.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	160.000
3	29.5.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	309.000
4	26.10.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	2.000.000
5	28.10.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	1.950.000
6	26.2.2010	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	710.000
7	03.03.2010	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	850.000
8	09.04.2010	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	2.000.000
		<b>Samtals:</b>	<b>kr.</b>	<b>8.309.000</b>

## XII

Fyrir fjársvik með því að hafa í fjórtán skipti frá 30. nóvember 2009 til 1. mars 2010 blekkir Sigurbjörgu S. Guðmundsdóttur til þess að afhenda sér samtals kr. 6.800.000 í bankaávisunum sem hún lét gefa út á nafn ákærða, og afhenti honum, og með því að leggja samtals kr. 4.998.000 inn á reikninga ýmissa einstaklinga samkvæmt fyrirmælum ákærða, en ákærði bauð brotþola að ávaxta fjárframlögin frá henni með kaupum á gjaldeyri og í gjaldeyrisviðskiptum, sem ákærði stundaði ekki, heldur leyndi því að hann var peningalaus í mikilli fjárþörf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkir til þess að afhenda sér fé, en peningana frá brotþola notaði ákærði í eigin þágu. Greiðslurnar sundurliðast sem hér greinir:

<i>Tilvik</i>	<i>Dags.</i>	<i>Skýring</i>	<i>Fjárhæð</i>	
1	30.11.2009	Framsál ávísunar nr. 4884991	kr.	2.500.000
2	30.11.2009	Framsál ávísunar nr. 5001654	kr.	320.000
3	1.12.2009	Framsál ávísunar nr. 4884994	kr.	1.200.000
4	2.12.2009	Framsál ávísunar nr. 4884997	kr.	2.000.000
5	3.12.2009	Lagt inn á reikn. í eigu Garðars Rafns Sigurðssonar	kr.	300.000
6	4.12.2009	Lagt inn á reikn. í eigu Arnþors ehf. (Sigurður Jóhann Finnsson)	kr.	1.500.000
7	7.12.2009	Lagt inn á reikn. í eigu Eyjólf Þóris Eyjólfssonar	kr.	300.000
8	7.12.2009	Lagt inn á reikn. í eigu Eyjólf Þóris Eyjólfssonar	kr.	300.000
9	8.12.2009	Lagt inn á reikn. í eigu Arnþors ehf. (Sigurður Jóhann Finnsson)	kr.	1.200.000
10	9.12.2009	Lagt inn á reikn. í eigu Eyjólf Þóris Eyjólfssonar	kr.	608.000
11	18.12.2009	Lagt inn á reikn. í eigu Halldórs Einarssonar	kr.	700.000

12	23.12.2009	Framsafal ávísunar nr. 41269	kr.	780.000
13	22.1.2010	Lagt inn á reikn. í eigu Jónasar Hallgrímssonar	kr.	40.000
14	1.3.2010	Lagt inn á reikn. í eigu Magnúsar Guðmundssonar	kr.	50.000
		<b>Samtals:</b>	<b>kr.</b>	<b>11.798.000</b>

## XI

Fyrir fjársvik með því að hafa blekkst Jennýju Theodóru Ingvarsdóttur, með milligöngu Sigurbjargar S. Guðmundsdóttur, í desember 2009, til að leggja kr. 600.000 þann 11. desember, kr. 350.000, þann 12. desember og kr. 550.000, þann 14. desember og í framhaldi, að fyrirmælum ákærða, um að leggja kr. 390.000 þann 16. desember, kr. 100.000 þann 31. desember og samdægurs kr. 30.000 inn á reikninga ýmissa einstaklinga, en ákærði bauð henni að ávaxta féð með kaupum á gjaldeyri og í gjaldeyrisviðskiptum, sem ákærði stundaði ekki, heldur leyndi hann því að hann var peningalaus í mikilli fjárförf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkst til þess að afhenda sér fé, en féð frá brotaþola notaði ákærði í eigin þágu. Greiðslurnar sundurliðast sem hér greinir:

<i>Tilvik</i>	<i>Dags.</i>	<i>Skýring</i>	<i>Fjárhæð</i>	
1	11.12.2009	Lagt inn á reikn. í eigu Eyjólfss Þóris Eyjólfssonar	kr.	600.000
2	12.12.2009	Lagt inn á reikn. í eigu Eyjólfss Þóris Eyjólfssonar	kr.	350.000
3	14.12.2009	Lagt inn á reikn. í eigu Arnars Jónssonar	kr.	550.000
4	16.12.2009	Lagt inn á reikn. í eigu Halldórs Einarssonar	kr.	390.000
5	31.12.2009	Lagt inn á reikn. í eigu Stefáns Ragnars Jónssonar	kr.	100.000
6	31.12.2009	Lagt inn á reikn. í eigu B.Ó. Byggingaverktaka	kr.	30.000
		<b>Samtals:</b>	<b>kr.</b>	<b>2.020.000</b>

## XII

Fyrir fjársvik með því að hafa í þrettán skipti frá 9. september 2008 til 11. mars 2010 blekt Guðrúnu Bogadóttur til þess að afhenda sér samtals kr. 1.446.700 sem ákærði bauð henni að ávaxta með kaupum á gjaldeyri og í gjaldeyrisviðskiptum, sem ákærði stundaði ekki, heldur leyndi því að hann var peningalaus í mikilli fjárförf vegna skulda við aðra einstaklinga sem ákærði hafði blekt til þess að afhenda sér fé, en peningana frá brotþola notaði ákærði í eigin þágu. Greiðslurnar sundurliðast sem hér greinir:

<i>Tilvik</i>	<i>Dags.</i>	<i>Skýring</i>	<i>Fjárhæð</i>	
1	09.09.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-001141 í eigu ákærða	kr.	200.000
2	09.09.2008	Lagt inn á reikning hjá Landsbankanum í eigu ákærða	kr.	150.000
3	22.09.2008	Lagt inn á reikning hjá Landsbankanum í eigu ákærða	kr.	200.000
4	22.09.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-001141 í eigu ákærða	kr.	9.500
5	06.10.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-001141 í eigu ákærða	kr.	27.000
6	23.02.2009	Lagt inn á reikning hjá Landsbankanum í eigu ákærða	kr.	35.000
7	25.03.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	400.000
8	30.03.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	342.000
9	07.09.2009	Lagt inn á reikning hjá Landsbankanum í eigu ákærða	kr.	15.000
10	22.09.2009	Lagt inn á reikning hjá Landsbankanum í eigu ákærða	kr.	20.000
11	22.09.2009	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	5.000

12	03.11.2009	Lagt inn á reikning hjá Landsbankanum í eigu ákærða	kr.	32.000
13	11.03.2010	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	11.200
		<b>Samtals</b>	<b>kr.</b>	<b>1.446.700</b>

### XIII

Fyrir fjársvik með því að hafa blekkst Rafn Vigfússon til að afhenda sér kr. 300.000 þann 17. mars og kr. 1.000.000 þann 19. mars 2010 sem ákærði bauð brotþola að ávaxta með kaupum á gjaldeyri og í gjaldeyrisviðskiptum, sem ákærði stundaði ekki, heldur leyndi því að hann var peningalaus í mikilli fjárþörf vegna skulda við aðra einstaklinga sem ákærði hafði blekkst til þess að afhenda sér fé, en peningana brotþola notaði ákærði í eigin þágu.

### XIV

Fyrir fjársvik gegn Pétri Péturssyni þar sem hann blekkti hann til að afhenda sér samtals kr. 14.608.000 með eftirgreindum hætti:

1. Með því að blekkja hann, til að afhenda í sér kr. 700.000 þann 13. desember og kr. 1.100.000 þann 19. desember 2006, samtals kr. 1.800.000, með þeirri tilhæfuleysi skýringu að það væri nauðsynlegt til þess að ljúka uppgjöri í tengslum við jarðasölu sem Pétur stóð þá í, en peningana frá brotþola notaði ákærði í eigin þágu.
2. Með því að hafa í fimmtán skipti frá 15. janúar 2007 til 23. maí 2008 blekkst Pétur Pétursson til að afhenda sér samtals kr. 12.808.000, sem lán, til að gera ákærða mögulegt að endurgreiða, í fyrstu þá fjármuni sem ákærði móttók í desember 2006 og síðar lánveitingar frá þeim tíma til 23. maí 2008, en ákærði leyndi hann því að ákærði var peningalaus í mikilli fjárþörf vegna skulda við aðra einstaklinga sem ákærði hafði blekkst til þess að afhenda sér fé, en peningana frá brotþola notaði ákærði í eigin þágu. Greiðslurnar sundurliðast með eftirgreindum hætti:

<i>Tilvik</i>	<i>Dags.</i>	<i>Skýring</i>	<i>Fjárhæð</i>	
1	15.01.2007	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	1.100.000
2	14.02.2007	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	325.000
3	16.02.2007	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	1.250.000

4	19.02.2007	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	473.000
5	21.02.2007	Lagt inn á reikn. nr. 130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	1.503.000
6	21.02.2007	Lagt inn á reikni. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	201.000
7	22.02.2007	Lagt inn á reikni. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	1.200.000
8	23.02.2007	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	1.080.000
9	27.02.2007	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	1.420.000
10	04.05.2007	Lagt inn á reikning 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	68.000
11	18.05.2007	Lagt inn á reikning 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	2.000.000
12	20.07.2007	Lagt inn á reikning 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	800.000
		(frá reikningi Haralds Árna Hjálmarssonar)		
13	31.08.2007	Lagt inn á reikn. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	600.000
14	07.11.2007	Lagt inn á reikn. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	750.000
15	23.05.2008	Lagt inn á reikn. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	38.000
		(frá reikningi Ólafar Örnú Pétursdóttur)		
		<b>Samtals</b>	<b>kr.</b>	<b>12.808.000</b>

Fyrir fjársvik með því að hafa í nítján skipti, frá 22. ágúst 2006 til 3. júní 2009 blekkt Einar Benediktsson til þess að afhenda sér samtals kr. 16.242.715 með því að bjóða honum að taka þátt í viðskiptum með svokölluð krónubréf, en viðskiptin voru tilhæfulaus og leyndi ákærði því að hann var peningalaus í mikilli fjárþörf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekkt til þess að afhenda sér fé, en peningana frá brotþola notaði ákærði í eigin þágu. Greiðslurnar sundurliðast sem hér greinir:

<i>Tilvik</i>	<i>Dags.</i>	<i>Skýring</i>	<i>Fjárhæð</i>	
1	22.8.2006	ávísun nr. 0340143 framseld af ákærða	kr.	1.200.000
2	24.8.2006	ávísun nr. 0340145 framseld af ákærða	kr.	2.600.000
3	26.9.2006	ávísun nr. 5477673 framseld af ákærða	kr.	1.200.000
4	2.3.2007	ávísun nr. 1002527 framseld af ákærða	kr.	619.215
5	7.3.2007	ávísun nr. 1201101 framseld af ákærða	kr.	1.250.000
6	21.3.2007	ávísun nr. 1338299 framseld af ákærða	kr.	1.405.000
7	22.3.2007	ávísun nr. 1201088 framseld af ákærða	kr.	361.000
8	24.3.2007	ávísun nr. 0010705 framseld af ákærða	kr.	465.000
9	16.4.2007	ávísun nr. 0010737 framseld af ákærða	kr.	1.500.000
10	27.4.2007	ávísun nr. 0010697 framseld af ákærða	kr.	805.000
11	10.5.2007	ávísun nr. 0010711 framseld af ákærða	kr.	1.200.000
12	14.5.2007	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	27.500
13	8.6.2007	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	15.000

14	21.6.2007	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	225.000
15	28.6.2007	ávísun nr. 9724412 framseld af ákærða	kr.	1.600.000
16	24.7.2007	ávísun nr. 0010699 framseld af ákærða	kr.	1.200.000
17	19.9.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	90.000
18	24.9.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	405.000
19	3.6.2009	Lagt inn á reikn. nr. 1121-05-417600 í eigu ákærða	kr.	75.000
		<b>Samtals:</b>	<b>kr.</b>	<b>16.242.715</b>

## XVI

Fyrir fjársvik gegn Kristni Sigurjónssyni með því að blekkja hann til að afhenda sér samtals kr. 1.935.000 með eftirgreindum hætti:

1. Með því að fá hann til að leggja fram og afhenda sér kr. 1.400.000 þann 26. nóvember 2007 með boði um þátttöku í ábatasömum viðskiptum með hlutabréf eða skuldabréf í erlendum gjaldeyri, en viðskiptin voru tilhæfulaus og leyndi ákærði því að hann var peningalaus í mikilli fjárförf vegna skulda við aðra einstaklinga sem ákærði hafði blekk til þess að afhenda sér fé, en peningana frá brotþola notaði ákærði í eigin þágu.

2. Fyrir fjársvik með því að hafa í tíu skipti frá 21. janúar 2008 til 6. desember 2008 blekk brotþola til þess að afhenda sér samtals kr. 535.000 sem var samkvæmt skýringum sem ákærði gaf kæranda nauðsynlegt til þess að liðka fyrir því að ákærði gæti lokið hinum upphaflegu viðskiptum. Viðskiptin voru tilhæfulaus og leyndi ákærði því að hann var peningalaus í mikilli fjárförf vegna skulda við aðra einstaklinga sem hann hafði blekk til þess að afhenda sér fé, en peningana notaði ákærði í eigin þágu. Greiðslurnar sundurliðast með eftirgreindum hætti:

<i>Tilvik</i>	<i>Dags.</i>	<i>Skýring</i>	<i>Fjárhæð</i>
---------------	--------------	----------------	----------------

1	21.01.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	207.000
2	27.10.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0137-26-1141 í eigu ákærða	kr.	27.000
3	11.11.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	20.000
4	13.11.2008	Lagt inn á reikn. nr. 130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	25.000
5	14.11.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	85.000
6	15.11.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	44.000
7	24.11.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	20.000
8	26.11.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	25.000
9	03.12.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	55.000
10	06.12.2008	Lagt inn á reikn. nr. 0130-26-11141 í eigu ákærða	kr.	27.000
		<b>Samtals:</b>	<b>kr.</b>	<b>535.000</b>

Telst framangreind háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu krefjast eftirgreindir þess að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta:

Vegna ákæruliðar I er af hálfu Ólafar H. Guðmundsdóttur, lögfr., f.h. Ragnars Guðmundssonar, hdl., gerð krafa f.h. Önnu Luan Vu, kt. 000000-0000, um skaðabætur auk lögmannskostnaðar, samtals að fjárhæð kr. 1.832.792, með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 170.000 frá 2. janúar 2009 til greiðsludags, af kr. 360.000 frá 9. janúar 2009 til greiðsludags og af kr. 1.200.000 frá 7. apríl 2007 til greiðsludags, en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga. Jafnframt er gerður áskilnaður um rétt til að leggja fram frekari gögn til stuðnings kröfunni á síðari stigum málsins.

Höfuðstóll kröfunnar sundurliðast þannig:

1. Lausafé afhent 2. janúar 2009, kr. 170.000
2. Lausafé afhent 9. janúar 2009, kr. 360.000
3. Ávísun afhent 7. apríl 2009, kr. 1.200.000
4. Lögmannskostnaður + vsk., kr. 102.792

Samtals höfuðstóll kr. 1.832.792

Vegna ákæruliðar **III** gerir Halldór Einarsson þá kröfu að ákærði greiði honum 1.717.940.- kr. auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 6. mars 2009 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur er krafist greiðslu á lántökukostnaði og þinglýsingu af bankaláni sem kröfuhafi varð að taka vegna vanefnda Sigurðar Kárasonar.

Vegna ákæruliðar **V** er af hálfu Guðrúnar Sesselju Arnardóttur, hrl. f.h. Arnar Bárðar gerð krafa um skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð 8.838.602,-, auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 1. apríl 2010 þar til mánuður er liðinn frá því sakborningi var kynnt bótakrafa þessi, en dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómara eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum úr hendi sakbornings.

Vegna ákæruliðar **VII** er af hálfu Egils Hjartar, kt. 000000-0000, gerð krafa um skaðabætur að fjárhæð kr. 2.105.000, auk vaxta og annars kostnaðar sem tengist málinu. Krafan er byggð á 1. mgr. 172. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, almennum reglum skaðabótaréttar og III. og IV. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Vegna ákæruliðar **VIII** gerir Ragnar Baldursson, hrl. þá kröfu f.h. Eyjólfss Þóris Eyjólfssonar, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum kr. 13.096.000. auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af kr. 1.200.000,00 frá 07.11.2008 til 14.11.2008, af kr. 1.800.000,00 frá 14.11.2008 til 17.11.2008, af kr. 2.650.000,00 kr. frá 17.11.2008 til 19.11.2008, af kr. 4.150.000,00 frá 19.11.2008 til 21.11.2008, af kr. 5.750.000,00 frá 21.11.2008 til 25.11.2008, af kr. 7.220.000,00 frá 25.11.2008 til 04.12.2008, af kr. 8.420.000,00 frá 04.12.2008 til 23.12.2008, af kr. 9.920.000,00 frá 23.12.2008 til 26.02.2009, af kr. 10.351.000,00 frá 26.02.2009 til 26.03.2009, af kr. 10.761.000,00 frá 26.03.2009 til 30.04.2009, af kr. 11.221.000,00 frá 30.04.2009 til 26.05.2009, af kr. 11.526.000,00 frá 26.05.2009 til 28.09.2009, af kr. 12.276.000,00 frá 28.09.2009 til 18.02.2010, af kr. 13.096.000,00 frá 18.02.2010 til 29.04.2010 og frá þeim degi dráttarvaxta af kr. 13.096.000,00 dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 til greiðsludags allt að frádregnum kr. 7.291.000.

Vegna ákæruliðar X er af hálfu Skúla Sigurz, lögfr., f.h. Ólafs Kristinssonar, hdl., gerð krafa f.h. Sigurbjargar S. Guðmundsdóttur, kt. 000000-0000, um skaðabætur, samtals að fjárhæð kr. 11.798.000, með vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 og dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, sbr. sundurliðun hér fyrir neðan:

1. Kr. 2.500.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 30. nóvember 2009 að frádregnum kr. 122.000 þann 1. desember 2009, kr. 244.000 þann 4. desember 2009, kr. 122.000 þann 7. desember 2009, kr. 680.000 þann 8. desember 2009 og kr. 100.000 þann 8. desember 2009 til 21. júlí 2011, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
2. Kr. 320.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 30. nóvember 2009 til 21. júlí 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
3. Kr. 1.200.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 1. desember 2009 til 21. júlí 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
4. Kr. 2.000.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 2. desember 2009 til 21. júlí 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
5. Kr. 300.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 3. desember 2009 til 21. júlí 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
6. Kr. 1.500.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 4. desember 2009 til 21. júlí 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
7. Kr. 300.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 7. desember 2009 til 21. júlí 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
8. Kr. 300.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 7. desember 2009 til 21. júlí 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
9. Kr. 1.200.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 8. desember 2009 til 21. júlí 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
10. Kr. 608.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 9. desember 2009 til 21. júlí 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
11. Kr. 700.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 18. desember 2009 til 21. júlí 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

12. Kr. 780.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 23. desember 2009 til 21. júlí 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

13. Kr. 40.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 22. janúar 2010 til 21. júlí 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

14. Kr. 50.000 ásamt vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 1. mars 2010 til 21. júlí 2011 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Loks er áskilinn réttur til að koma að frekari kröfum, leggja fram frekari gögn og koma að nýjum málsástæðum vegna bótakröfunnar allt fram að aðalmeðferð málsins ef til hennar kemur.

Vegna ákæruliðar **XI** er af hálfu Jennýjar Theodóru Ingvarsdóttur, kt. 000000-0000, gerð krafa um skaðabætur að fjárhæð kr. 2.020.000, auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 11.12.2009 til 31.12.2009, þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Vegna ákæruliðar **XII** er af hálfu Róberts Þ. Skarphéðinssonar hdl., f.h. Guðmundar B. Ólafssonar hrl., gerð krafa f.h. Guðrúnar Bogadóttur um bætur að fjárhæð kr. 813.575 með vísan til meginreglna kröfuréttar. Þá er krafist miskabóta sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr hendi Sigurðar Kárasonar vegna ólögmatrar meingerðar hans gagnvart Guðrúnu Bogadóttur. Krafist er miskabóta að fjárhæð 500.000 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af 500.000 kr. frá 3. mars 2010 til greiðsludags. Með vísan til 172. gr. laga nr. 88/2008 er einnig krafist skaðabóta vegna kostnaðar við að halda fram bótakröfunni s.s. öflun og lestur lögregluskýrslna, samtöl við skjólstæðing og lögreglu, fylgja kröfunni eftir í dómsmáli og gera upp til skjólstæðings m. (áætlað alls 8 klst.), samtals nemur krafan kr. 152.000, - (8 klst. \* kr. 19.000, -), auk vsk. kr. 38.760,-, eða alls kr. 190.760. Áskilinn er réttur til að halda fram frekari kröfum, ef í ljós kemur að um frekara tjón er um að ræða og ef lögfræðikostnaður reynist meiri en áætlað er.

Vegna ákæruliðar **XIII** gerir Rafn Vigfússon þá kröfu að ákærði greiði honum 228.000 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 17. mars 2010 til greiðsludags. Til vara er þess krafist að ákærði greiði Rafni kr. 228.000 kr. auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 17. mars 2010 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Vegna ákæruliðar **XIV** gerir Pétur Pétursson þá kröfu að ákærði greiði honum kr. 577.836,-, auk vaxta, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Vegna ákæruliðar **XV** er af hálfu Einars Benediktssonar, kt. 000000-0000, gerð krafa um skaðabætur að fjárhæð kr. 5.287.943, auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá dagsetningu tjónsdags þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.“

Undir dómsmeðferð málsins var fallið frá sakarefni í IV. kafla ákærunnar.

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu. Til vara er þess krafist að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið. Til þrautavara er þess krafist að dæmd verði vægasta refsing sem lög heimila og að refsivist, ef dæmd verður, verði skilorðsbundin í heild eða að hluta og að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi til frádráttar refsivist. Krafist er frávísunar allra bótakrafna en til vara sýknu. Krafist er málsvarnarlauna úr ríkissjóði að mati dómsins.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins var lögð fram yfirlýsing frá ákærða þar sem segir að hann hafi ákveðið að gefa ekki skýrslu fyrir dóminum undir aðalmeðferð málsins. Ákærði staðfesti yfirlýsingu sína undir aðalmeðferðinni og kveðst ekki ætla að tjá sig um sakarefnið fyrir dómi. Samkvæmt 2. mgr. 113. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 er ákærða óskilt að svara spurningum varðandi refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök. Ákærði nýtti sér þennan rétt samkvæmt tilvitnaðri lagagrein og liggur því ekki fyrir annar framburður hans fyrir dómi en neitun hans sem fram kom við þingfestingu málsins.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Af ástæðum sem raktar voru er ekki um það að ræða að leggja mat á trúverðugleika framburðar ákærða fyrir dómi þar sem hans nýtur ekki við. Verður því við niðurstöðu hvers ákæruliðar um sig að leggja mat á trúverðugleika vitnisburðar um viðkomandi ákærulið, auk þess að meta önnur gögn varðandi hvern ákærulið um sig.

#### **Nú verða raktir málavextir vegna hvers ákæruliðar um sig og niðurstöðukafli strax á eftir.**

Ekki þykir ástæða til að rekja, varðandi hvern ákærulið um sig, hvenær kært var og hvenær skýrslur voru teknar af ákærða og vitnum.

Í mörgum köflum ákærunnar er því lýst að ákærði hafi leynt peningaleysi og mikilli fjárþörf og sagst stunda gjaldeyrisviðskipti. Dómurinn telur sannað með gögnum málsins, meðal annars skattframtölum ákærða fyrir árin sem hér um ræðir og með öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi verið peningalaus og í fjárþörf er hann kom að máli við einstaklingana sem hann blekkti og síðar verður rakið en bú ákærða var

tekið til gjaldþrotameðferðar 27. maí 2009 en ákærði leyndi aðstæðum sínum fyrir þeim sem hann sveik út fjármuni hjá eins og rakið verður. Þá liggur ekkert fyrir um að ákærði hafi stundað gjaldeyrisviðskipti og er það mat dómsins að það sé að mestu eða öllu leyti tilbúningur ákærða sem hann notaði í blekkingarskyni í samskiptunum við einstaklinga eins og rakið verður.

## **Ákæruliður I**

Vitnið Anna Luan Vu kvaðst hafa kynnst ákærða í janúar 2009 en hún hafi ekki þekkt hann áður. Á þessum tíma hafi hún unnið í verslun hér í borg þar sem ákærði verslaði og þannig hafi hún orðið málkunnug honum. Í mars 2009 hafi Önnu og fjölskylda hennar verið boðið í brúðkaup í Kanada. Er hún greindi ákærða frá þessu og því að bæði þyrfti fjölskylda hennar gjaldeyri vegna ferðarinnar og einnig til að gefa brúðhjónunum, en það væri venja að gefa brúðhjónum peninga, hefði ákærði boðist til að kaupa gjaldeyri fyrir hana en hann sagðist þekkja til starfsmanna í banka og hann gæti aðstoðað við gjaldeyriskaup. Anna kvaðst hafa komið hingað til lands sem flóttamaður á árið 1990 og hún hafi ávallt treyst Íslendingum sem heiðarlegu fólki og lýsti hún því. Hún hafi því treyst ákærða og trúað honum er hann bauðst til að aðstoða hana við dollarakaup. Hún hafi því afhent ákærða 170.000 krónur 2. janúar 2009 og 360.000 krónur 7. sama mánaðar. Hún kvaðst ekki hafa kvittun fyrir því að hafa afhent ákærða þessa peninga en hún staðfesti að bankagögn í málinu sýni úttektir hennar vegna þessa og 1.200.000 króna ávísun sé sú sem um ræðir. Er Anna kom til baka eftir brúðkaupsveisluna í Kanada hafi ákærði ekki verið búinn að kaupa gjaldeyrinn sem hann hafði lofað að gera en Anna kvaðst sjálf hafa keypt gjaldeyri fyrir utanferðina. Ákærði hefði engan gjaldeyri afhent. Er hún krafði ákærða um gjaldeyrinn hafi hann sagt ástandið mjög erfitt og hún þyrfti að afhenda honum meiri peninga, sem hún gerði, og afhenti hún ákærða 1.200.000 króna tékka hinn 7. apríl 2009. Spurð um þessa fjárhæð kvað Anna ákærða hafa sagt sér að hann þyrfti að kaupa flugmiða vegna gjaldeyriskaupanna og hann hefði einnig nefnt að fjárhæðin sem hún hafði áður afhent honum væri of lág til að hann gæti fengið gjaldeyri í bankanum en ákærði hefði enn greint sér frá því að hann þekkti menn í banka í þessu sambandi. Þá gaf ákærði fleiri skýringar sem hún myndi ekki nú. Hún hefði aðeins fengið endurgreiddar 20.000 krónur af þeim fjármunum sem hún afhenti ákærða. Hún vísaði á bug framburði ákærða hjá lögreglunni um að áður en samskiptin sem í ákærinni greininir urðu, hefði ákærði keypt gjaldeyri fyrir hana með ágóða. Það hafi aldrei átt sér stað.

## **Niðurstaða ákæruliðar I**

Ákærði neitar sök.

Fyrir liggja bankagögn sem sýna að Anna Luan Vu tók út af reikningum sínum 170.000 krónur 2. janúar 2009 og 360.000 krónur 7. sama mánaðar. Þá liggur fyrir ljósrit af 1.200.000 króna tékka, útgefnum 7. apríl 2009 á nafn Önnu. Annað kvaðst hafa afhent ákærða alla þessa fjármuni en fram kemur að ákærði framseldi tékkann sem um ræðir, 7. apríl 2009. Ákærði hefur ekki mótmælt því að hafa fengið þessa fjármuni í hendur frá Önnu en fram kemur í greinargerð verjanda ákærða að ákærði

geri þá athugasemd við þennan ákærulið að hann hafi fyrir löngu greitt Önnu að fullu og ríflega það sem henni bar. Engin gögn eru um þetta.

Að þessu virtu er sannað með trúverðugum vitnisburði Önnu Luan Vu, sem fær stoð í gögnum málsins sem rakin voru, gegn neitun ákærða, að hann hafi blekkst Önnu til að afhenda sér fjármunina eins og hún lýsti og lýst er í þessum ákærulið. Með blekkingunni hefur ákærði gerst sekur um fjársvik.

## Ákæruliður II

Vitnið Jón Aspar kvaðst hafa unnið fyrir ákærða við húsbyggingu en hann sé vörubílstjóri. Ákærði hefði hringt í sig um það leyti er útboð átti að fara fram á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði og hefði ákærði boðið sér að vera þátttakandi í að kaupa bréf í Byr. Jón kvaðst lítið hafa gefið út á þetta og reynt að forðast ákærða í lengstu lög en hann hefði ekki fengið frið fyrir honum. Fyrir rest hefði hann afhent ákærða peninga til kaupa stofnfjárbréfa í Byr. Þannig hófust samskiptin að hans sögn en ákærði hefði nefnt Sigurjón Ragnarsson í þessu sambandi og að hann væri stofnfélagi í Byr. Ákærði hefði gefið fyrirmæli um að Jón mætti ekki ræða við Sigurjón vegna þessa þar sem hann mætti ekki fréttu af þátttöku hans í kaupum stofnfjárbréfanna. Jón kvað ákærða alls ekki hafa haft ástæðu til ætla að hann væri að lána ákærða peningana sem hann afhenti honum. Hann kvaðst á þessum tíma hafa haldið áfram að vinna fyrir ákærða við húsbyggingu. Spurður um vitneskju um fjárhagsstöðu ákærða, er samskipti þeirra hófust, kvað Jón ákærða hafa sýnst mjög vel fjáður og aldrei virst standa á peningum vegna húsbyggingarinnar.

Er Jón frétti að verið var að selja bréf í Byr hefði hann gengið á ákærða og spurt hvort hann væri ekki búinn að selja bréfin þeirra í Byr, sem var meiningin að gera að hans sögn. Ákærði hefði sagt svo vera en fjárfestar sem ákærði kvaðst hafa verið í samskiptum við vegna þessa hefðu tekið peningana og farið með úr landi til að kaupa „dollarabréf“. Ákærði sagðist ekki hafa ráðið við þá atburðarás og þeir hafi því þurft að fljóta með. Hann lýsti því að í ágúst hefði hann þurft að greiða skatta af þessum viðskiptum og hafi hann enn afhent ákærða peninga vegna þess. Þannig gekk þetta koll af kalli og ákærði hefði stöðugt gengið á Jón og Arnar son hans. Ákærði hefði sagt að losa hefði þurft um dollarabréfin og koll af kalli og þetta hefði þróast svona þar til Jón og fjölskylda hans höfðu lagt ákærða til rúmar 11.000.000 króna. Jón kvaðst ekki hafa átt alla peningana til sem ákærði fékk og hafi Arnar sonur hans lagt til peninga svo, og Unnur Ragnarsdóttir eiginkona hans, og lýsti hann þessu. Þegar verst lét kvaðst Jón hafa verið með 4.000.000 króna í yfirdrátt í bankanum til að fjármagna greiðslurnar til ákærða. Hann hefði ekki fengið neitt til baka frá ákærða en ákærði hefði hins vegar ávallt greitt sér vinnulaun. Aldrei hefði komið til tals að ákærði legði fé í þessi samskipti. Hann lýsti því að ákærði hefði notað ýmis brögð til að ná peningum af þeim feðgum og lýsti hann því að ákærði hefði meðal annars sýnt sér bréf frá lögmanni sem væri að innheimta dollarabréfin. Þetta bréf kvaðst Jón hafa farið með í bankann sinn og lagt fram í því skyni að fá yfirdráttarheimild sína framlengda. Jón staðfesti að greiðslurnar sem fram koma í þessum ákærulið væru réttar og þær byggjast á gögnum sem liggja frammi. Hann kvað greiðslur til sín, samkvæmt yfirliti, vera greiðslur ákærða fyrir vinnu og fyrir muni sem Jón hefði greitt fyrir ákærða. Hann nefndi dæmi um þetta en þessar endurgreiðslur væru samtals að fjárhæð 1.939.520 krónur til sín og Arnars sonar

síns.

Vitnið Arnar Jónsson Aspar kvaðst ekki hafa þekkt ákærða neitt er hann hitti hann fyrst en ákærði hefði komist inn á föður sinn er hann var að vinna við akstur fyrir ákærða. Hann lýsti því að hann hefði verið með föður sínum er ákærði hringdi í hann til að reyna að fá hann til að leggja fram fjármuni. Ákærði hefði þannig átt frumkvæðið. Arnar kvað föður sinn hafa sagt nei við ákærða tvisvar til þrisvar sinnum. Að því kom að föður hans hafi fundist þetta í lagi og ákærði virst gjörsamlega meinlaus. Ákærði sagðist vera í hópi manna sem hygðust fjárfesta í stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði sem var að fara á markað. Fram kom hjá ákærða að búið væri að kaupa stofnfjárbréfin en þau þyrfti að leysa út. Ákærði hefði náð að sannfæra þá feðga um að leggja til peninga og komast í hóp manna er hygðust fjárfesta í stofnfjárbréfum í Byr sem síðan átti að selja stuttu síðar. Ákærði hefði sagt að hann hefði leyst út stofnfjárbréfin en að hann hefði farið í gjaldeyrisviðskipti fyrir þá feðga og ætlað að hækka upphæðina sem hann ætlaði að skila þeim. Á þennan hátt hélt ákærði leiknum áfram og náði alltaf meiri og meiri peningum af þeim feðgum og greindi þeim frá því að meiri peninga þyrfti til að leysa út gjaldeyrinn að utan og til að gera hitt og þetta. Meðal annars hefði hann sagst þurfa að stofna bankareikninga, gjaldeyrisreikninga og fleira. Alltaf hafi þurft meiri peninga til að ná fjármunum þeirra feðga út. Ákærði hefði sagt að hann hefði notað alla peningana sem hann fékk frá þeim feðgum í því skyni að losa út fjármuni sem lýst hefur verið. Ekki hafi komið fram að ákærði hefði haft peninga undir höndum utan fyrst er hann hitti föður vitnisins en þá hefði hann veifað himinháum fjárhæðum til að fá hann til viðskipta og hann hefði þannig komist inn á föður vitnisins. Ákærði hefði beitt blekkingum og gefið tilhæfulausar skýringar eins og rakið var.

Í ákærinni er háttsemi ákærða lýst þannig að um lán hafi verið að ræða með tilhæfulausum skýringum ákærða eins og lýst er. Spurður um þetta kvað vitnið ekki hafa verið um lán að ræða, heldur hafi peningarnir verið afhentir í því skyni að ákærði keypti stofnfjárbréfin í Byr en ákærði hefði falið sig á bak við Sigurjón Ragnarsson sem hefði átt að vera í aðstöðu til að fá stofnfjárbréfin á lágu verði og að bréfin yrðu síðan seld með hagnaði á markaði stuttu síðar. Arnar kvað þetta hafa verið blekkingu hjá ákærða og lygin hafi ekki komið í ljós fyrr en undir lokin. Arnar lýsti því að strax og ákærða voru afhentir peningarnir hefði byrjað eltingaleikur við hann, nánast daglega uns lögreglan bað vitnið að koma til skýrslutöku en þá fyrst vissi hann af því að ákærði sætti lögreglurannsókn vegna málsins.

Fyrir liggur yfirlit um endurgreiðslu ákærða til Arnar og Jóns Aspar, föður hans en endurgreiðslurnar hafi að hans sögn verið lágar fjárhæðir til að halda sér góðum. Hann hefði haldið nákvæma skrá yfir þær fjárhæðir en greiðslurnar fóru um bankareikning hans. Arnar skoðaði yfirlitið og staðfesti það en þar koma fram fjárhæðirnar og dagsetningar endurgreiðslna, samtals að fjárhæð 1.939.520 krónur.

Vitnið Unnur Hermannsdóttir er eiginkona Jóns Aspar og móðir Arnars Jónssonar. Hún kvaðst hafa verið erlendis er samskipti Jóns Aspar og ákærða hófust. Henni skyldist að til hafi staðið að kaupa hlutabréf í Byr sparisjóði. Hún kvað ákærða stöðugt hafa beðið um meiri peninga. Hún kvaðst einu sinni hafa hringt í ákærða á þessum tíma og sagt við hann að hann skyldi ekki stela peningum frá Jóni manni sínum sem væri mjög áreiðanlegur maður. Hún væri sjúklingur og hún þyldi ekki

svona upptakomur. Ákærði hefði sagt að allt væri í lagi. Allir peningarnir yrðu endurgreiddir á mánudaginn. Hún kvað sér hafa fallið þetta mjög þungt, að ákærði beitti Arnari, syni sínum, þannig að hann afhenti ákærða peninga hennar en um var að ræða sparnað hennar.

## Niðurstaða ákæruliðar II

Ákærði neitar sök.

Sannað er með trúverðugum vitnisburði Arnars Jónssonar og Jóns Aspar að þeir afhentu ákærða fjármunina sem í þessum ákærulið greinir en fyrir liggja bankagögn sem styðja þessar peningafærslur og þá hefur ákærði framselt allar ávísanirnar sem um ræðir. Þá er sannað með trúverðugum vitnisburði Arnars og Jóns, með stoð í vitnisburði Unnar Hermannsdóttur og með stoð í gögnum sem rakin voru, gegn neitun ákærða, að hann blekkti feðgana til að afhenda sér fjármunina eins og lýst er í ákærinni. Með því hefur ákærði gerst sekur um fjársvik svo sem í ákæru greinir.

## Ákæruliður III

1

Vitnið Halldór Einarsson kvað þá ákærða hafa verið bekkjarfélagi einn vetur en hann hafi ekki vitað af honum fyrr en hann kom nánast daglega í mat þar sem Halldór starfaði. Þeir hafi þá rætt saman. Að því kom að ákærði tók að reifa peningamál við Halldór. Ákærði hefði nefnt að hann ætti í verulegum vandræðum. Hann hefði gert gjaldeyrissamning við Landsbankann og hann vantaði peninga til að leysa gjaldeyrinn út og bað Halldór um að hjálpa sér. Ákærði hefði sagt gjaldeyrinn á afar hagstæðum kjörum og hefði hann nefnt ótrúlegar tölur í þessu sambandi. Halldór kvaðst ekki hafa mikil auraráð en þrátt fyrir það viljað aðstoða ákærða sem var örvæntingarfullur vegna þessa. Hann hafi þá afhent ákærða peninga til að hann gæti leyst út gjaldeyrinn og lofaði ákærði Halldóri einhverjum mismun á kaup- og söluverði gjaldeyrisins. Samkomulag þeirra var munnlegt „heiðursmanna-samkomulag“ og ákærði lofaði í upphafi að greiða fljótt sem ekki varð. Þetta hefði því orðið hálfgerður leikur þar sem ákærði var „alltaf að redda þessu“ og virtist vera í stöðugum samskiptum við bankann. Halldór kvað þetta ekki vera hvatann að því að hann aðstoðaði ákærða, heldur hafi það verið vinskapur þeirra sem myndaðist á þessum tíma. Halldór kvaðst ekkert hafa vitað um fjárhag ákærða á þessum tíma. Halldór staðfesti yfirlit sem liggur frammi meðal gagna málsins. Þar koma fram dagsetningar og fjárhæðir sem hann greiddi ákærða, svo sem í þessum kafla ákæru greinir, og yfirlit endurgreiðslna ákærða að fjárhæð 661.060 krónur.

2

Vitnið Halldór Einarsson kvað ákærða hafa greint sér frá því að hann þyrfti 30.000 krónur til að liðka fyrir upphaflegum gjaldeyrisviðskiptum. Hann hefði greitt ákærða þessa fjárhæð í því skyni.

Vitnið Þórunn Ragnarsdóttir kom fyrir dóminn. Henni var greint frá því að meðal gagna málsins væru upplýsingar um að ákærði hefði gefið upp nafn vitnisins vegna gjaldeyrissamninga ákærða í Landsbankanum og að vitnið væri að vinna að máli ákærða í bankanum á árinu 2009. Hún kvaðst aldrei hafa heyrt þetta og hún hafi aldrei unnið að gjaldeyrismálum hjá bankanum. Hún vissi engin deili á ákærða.

### **Niðurstaða ákæruliðar III 1 og 2**

Ákærði neitar sök.

Sannað er með vitnisburði Halldórs Einarssonar, sem styðst við bankagögn og framsal ákærða á 1.200.000 króna tékkanum sem lýst er og styðst einnig við símhlustun þar sem ákærði biður Halldór um að leggja inn 30.000 krónur, sem hann gerði samanber ákærulið III 2, að Halldór hafi afhent ákærða alla fjármunina sem í þessum ákærulið greinir. Þá er sannað með trúverðugum vitnisburði Halldórs sem fær stoð í öðrum gögnum málsins, gegn neitun ákærða, að ákærði fékk Halldór til að afhenda sér fjármunina með blekkingum eins og lýst er í ákærinni og Halldór bar um fyrir dómnum. Með þessari háttsemi hefur ákærði gerst sekur um fjársvik.

### **Ákæruliður IV**

Eins og rakið var að framan var fallið frá þessum kafla ákærunnar.

### **Ákæruliður V**

Vitnið Örn Bárður Jónsson kvaðst hafa hitt ákærða í ágúst 2008 er í gangi var fermingarundirbúningur í kirkju þar sem Örn Bárður starfaði. Hann hafi kynnst ákærða sem oft lagði leið sína að safnaðarheimili kirkjunnar. Í nóvemberlok 2008 hafi ákærði komið að máli við sig og spurt hvort hann gæti aðstoðað sig í erfiðleikum. Hann þyrfti að leysa út gjaldeyrissamning í Seðlabankanum og hann hefði ekki næga fjármuni til þess. Örn Bárður kvaðst ekki hafa haft neina ástæðu til að vantreysta ákærða sem hann þekkti ekki nema af kunningsskap vegna komu hans í kirkjuna. Hann hefði þá afhent ákærða ákveðna upphæð sem ákærði skilaði síðan að hluta viku síðar. Þá kom fram hjá ákærða að hann hefði ekki getað lokið málinu. Hann þyrfti meiri peninga og spurði hvort Örn gæti hjálpað sér, hann væri í vandræðum. Örn Bárður kvaðst hafa sagt ákærða að hann ætlaði að athuga málið. Hann hefði síðan ráðfært sig við mann og athugað hvort ákærði væri í vanskilum í bönkum sem ekki reyndist vera en hann kvaðst ekki hafa vitað um feril ákærða. Örn Bárður kvaðst síðan hafa afhent ákærða fjármunina sem lýst er í ákærinni. Alltaf hefði verið sama sagan hjá ákærða um gjaldeyrisviðskipti. Örn Bárður kvaðst

hafa spurt er fór að líða á, og hann verið úrkula vonar um að fá eitthvað til baka, hverjir væru með þetta í bankanum. Ákærði hefði þá spurnið upp ótrúlegar sögur. Örn Bárður lýsti því að erfitt hefði verið að verjast ákærða er hér var komið sögu. Af sinni hálfu hefði allt snúist um að endurheimta fjármuni sína. Þá hafi ákærði ítrekað lofað endurgreiðslu eftir hádegi ef hann fengi milljón í viðbót og lýsti Örn Bárður þessu. Ákærði hefði gefið mikil loforð og meðal annars sagt „ég sver það við gröf föður míns“ að það væri satt og rétt sem hann segði. Allt hefði verið í þessum dúr. Örn Bárður kvað eftir á að hyggja ljóst að þetta hefði verið flétta hjá ákærða. Ásetningur hans til að svíkja út úr sér peninga hefði verið til staðar frá upphafi. Örn Bárður kvað vonina um að endurheimta fjármuni sína hafa verið drifkraftinn er hann afhenti ákærða stöðugt meira fé, eins og rakið er í ákærinni, og vonaði hann að sér væri sagt rétt frá og hann hefði trúað því en hann hefði ítrekað krafið ákærða um fjárhæðina sem hann hafði látið af hendi. Örn Bárður lýsti því hvernig atburðirnir mögnuðust stig af stigi og hann hefði verið lentur í ferli sem mjög erfitt hafi verið að standast sálfræðilega. Þetta séu verstu aðstæður sem hann hafi lent í. Örn Bárður staðfesti rétt yfirlit meðal gagna málsins þar sem fram koma upplýsingar um greiðslur til ákærða og endurgreiðslur ákærða að fjárhæð 1.712.288 krónur. Gögnin byggjast á bankagögnum að mestum hluta.

## **Niðurstaða ákæruliðar V**

Ákærði neitar sök.

Sannað er með vitnisburði Arnar Bárðar Jónssonar og með bankagögnum sem liggja frammi, auk framsals ákærða á tækka, að Örn Bárður afhenti ákærða fjármunina eins og lýst er í ákærinni. Meðal gagna málsins eru hljóðrituð samtöl ákærða og Arnar Bárðar Jónssonar á tímabilinu frá 27. mars 2010 til 11. apríl 2010. Þar má ráða að ákærði reynir að fá Örn Bárð til þess að halda að peningar séu væntanlegir. Þá segir í lögregluskýrslu um hljóðritunina auk þess sem það kemur fram í símtölunum sjálfum, að ákærði þykist á sama tíma og hann er að tala við Örn Bárð vera að tala við aðra í síma. Tæknigögn sýna að svo var ekki. Þetta styður það mat dómsins að ákærði hafi í samskiptum sínum við Örn Bárð stöðugt beitt hann blekkingum.

Sannað er með trúverðugum vitnisburði Arnar Bárðar Jónssonar með stoð í gögnunum sem rakin voru, gegn neitun ákærða, að hann hafi blekkst Örn Bárð til að afhenda sér fjármunina sem í ákæru greinir, á þann hátt sem þar er lýst. Með blekkingunum hefur ákærði gerst sekur um fjársvik.

## **Ákæruliður VI**

Vitnið Jón Pétursson kvaðst hafa kynnst ákærða sem kom reglulega á vinnustað Jóns, sem er bensínstöð hér í borg. Þannig kynntist hann ákærða í spjalli eins og gengur. Það hafi síðan verið í byrjun desember 2006 sem ákærði færði í tal við Jón hvort hann væri ekki til í að koma í „business“, gjaldeyrisviðskipti, sem gæti gefið góðan ávinning ef Jón legði til peninga og ákærði kvaðst þá mundu koma með ávinninginn til hans daginn eftir. Einhverra hluta vegna kvaðst Jón hafa gert þetta

og afhent ákærða 800.000 krónur, 6. desember 2006 og hafi ákærði ætlað að koma með ávinninginn daginn eftir. Ákærði kom hins vegar að máli við hann daginn eftir og kvað eitthvað hafa klikkað og hann þyrfti meiri peninga frá Jóni. Jón kvað sér þá hafa fundist hann kominn í vandræði. Þannig hefði ákærði stöðugt komið fram og ávallt sagt að eitthvað hefði brugðist, hann þyrfti meiri peninga frá Jóni og hann muni skila af sér daginn eftir. Jón kvaðst síðan hafa afhent ákærða peninga eins og lýst er í ákærinni en sér hafi fundist hann kominn í klemmu. Hann kvaðst ekki hafa þekkt til ákærða áður og ekki vita um greiðslugetu hans eða hvort hann stundaði gjaldeyrisviðskipti. Jón kvaðst hafa treyst ákærða. Jón kvaðst hafa gengið hart á eftir ákærða um að fá endurgreitt og lýsti hann þessu nánar. Jón lýsti því hvernig sér hafi fundist eins og hann væri fastur í eigin gildru.

Jón var spurður um tvær síðustu greiðslurnar til ákærða, 26. júní 2007 og 28. október 2008, og hvernig á þeim stæði. Jón kvaðst stöðugt hafa hringt í ákærða. Skilja mátti Jón svo að þessar 12.000 krónur sem hann lagði inn á reikning ákærða 26. júní 2007 og 28. október 2008 hafi verið lán til ákærða sem hann endurgreiddi daginn eftir. Þær greiðslur tengist þannig ekki gjaldeyrisviðskiptunum sem fyrstu sex töluliðir þessa kafla ákærinnar snúist um. Jón staðfesti, sem rétt, yfirlit vegna greiðslanna sem í þessum ákærulið greinir. Þar koma fram dagsetningar og fjárhæðir og er það allt í samræmi við ákærna. Alls fékk Jón endurgreiddar frá ákærða 3.763.000 krónur.

## **Niðurstaða ákæruliðar VI**

Ákærði neitar sök.

Með vísan til vitnisburðar Jóns Péturssonar og neitunar ákærða er ósannað að tvær síðustu greiðslurnar inn á reikning ákærða, annars vegar 26. júní 2007 og hins vegar 28. október 2008, 12.000 krónur í hvort sinn, hafi verið fengnar með blekkingum, heldur hafi verið um að ræða lán Jóns til ákærða sem endurgreiddi daginn eftir eins og lýst var. Ákærði verður því ekki sakfelldur fyrir fjársvik að því er þessar fjárhæðir varðar og er hann sýknaður af þessum hluta ákæruliðarins.

Sannað er með vitnisburði Jóns Péturssonar, sem styðst við bankagögn og ávísanir sem ákærði hefur framselt, að Jón afhenti ákærða fjármunina svo sem lýst er í fyrstu 6 töluliðum ákærinnar. Þá er sannað með trúverðugum vitnisburði Jóns með stoð í ofanrituðu og öðrum gögnum málsins, gegn neitun ákærða, að ákærði blekkti Jón til að afhenda sér þessa fjármuni eins og Jón bar og lýst er í ákærinni. Með blekkingunum hefur ákærði gerst sekur um fjársvik.

## **Ákæruliður VII 1 og 2**

Vitnið Egill Hjartar kveðst hafa kynnst ákærða eftir umferðaróhapp en ákærði hefði fylgst með líðan sinni. Að því kom að ákærði sagði vitninu að hann hefði verið með framvirka gjaldeyrissamninga og hann vantaði peninga til að leysa út fjármuni. Egill kvaðst hafa afhent ákærða 450.000 krónur hinn 5. desember 2008 í þessu skyni og átti Egill að fá ávöxtun af þessu.

Eftir þetta hefði ákærði stöðugt hringt í sig. Það varð til þess að Egill afhenti ákærða þá peninga sem um getur í 2. lið þessa kafla ákærunnar. Ástæðuna kvað Egill þá að hann hefði verið farinn að treysta ákærða en ákærði hefði sagst þurfa þessa fjármuni til að losa peningana út vegna hinna framvirku gjaldeyrissamninga, að sögn. Egill hefði því greitt ákærða þær 3.315.000 krónur sem lýst er í 2. lið ákærunnar. Hann kvað fjármunina sem hann afhenti ákærða ekki hafa verið lán þótt það kunni að vera túlkunaratriði að hans sögn. Egill kvaðst ekki hafa haft hugmynd um bakland ákærða og hvort hann væri borgunarmaður. Ákærði hefði hins vegar komið mjög vel fyrir. Eftir því sem biðin varð lengri eftir endurgreiðslu, var beðið um frekari greiðslur sem Egill innti af hendi. Endurgreiðslurnar áttu sér stað eftir að Egill kvaðst hafa gengið mjög hart fram við að fá þær og lýsti hann mikilli vinnu við þetta, stöðugum samskiptum við ákærða og ferðum á heimili hans. Egill vísaði til skriflegra yfirlýsinga ákærða sem liggja frammi þar sem fram koma fjárhæðir sem hann kvaðst skulda Agli. Annars vegar er skjal, dagsett 10. febrúar 2010, þar sem lofað er greiðslu 4.000.000 króna fyrir 10. apríl 2010 og hins vegar er skjal, dagsett 19. mars 2010, þar sem ákærði kvaðst ætla að greiða skuld sína við Egil að fjárhæð 3.258.400, eigi síðar en 23. mars 2010. Egill staðfesti yfirlit yfir greiðslur sínar til ákærða, sem eru eins og í ákæru greinir, og yfirlit um endurgreiðslur ákærða alls 1.660.000 krónur.

## **Niðurstaða ákæru liðar VII 1 og 2**

Ákærði neitar sök.

Sannað er með vitnisburði Egils Hjartar og með stoð í bankagögnum, en meðal annars liggur fyrir að ákærði framseldi tékkana sem í 2. lið þessa kafla ákæru greinir, að hann afhenti ákærða fjármunina svo sem lýst er í þessum ákærukafli. Vitnisburður Egils er trúverðugur og fær stoð í ofanrituðu og jafnframt stoð í myndbandsupptökum Egils af samskiptum við ákærða sem sýna að ákærði játaði að skulda Agli og fleira, en upptökurnar eru til þess fallnar að styðja vitnisburð Egils. Er samkvæmt þessu sannað með trúverðugum vitnisburði Egils með stoð í gögnum sem rakin voru, gegn neitun ákærða, að ákærði blekkti Egil til að afhenda sér fjármunina sem lýst er í þessum ákæru lið. Með blekkingunum hefur ákærði gerst sekur um fjársvik.

## **Ákæru liður VIII**

Vitnið Eyjólfur Þórir Eyjólfsson kvað upphaf samskiptanna við ákærða hafa verið er ákærði hringdi í hann og bað hann að taka þátt í gjaldeyrisviðskiptum erlendis frá en Eyjólfur kvaðst fyrst hafa kynnst ákærða er bifreið ákærða var til viðgerðar á verkstæði Eyjólfss. Ákærði hefði rætt um kostnað sem myndaðist við að láta gjaldeyrisviðskiptin ganga eftir, auk þess að ræða um ávöxtun. Eyjólfur hafi látið til leiðast og afhent ákærða fjármuni, sparifé sem hann átti. Ákærði hefði rætt um ákveðinn dag til endurgreiðslu sem stóðst síðan ekki. Þá hefði ákærði sagt að kostnaður yrði meiri en hann bjóst við og ef Eyjólfur legði meira af mörkum yrði ávöxtun hans meiri. Þannig hefðu samskiptin gengið áfram og ákærði svikið hann

„hægri vinstri“. Endurgreiðslur hefðu dottið inn öðru hvoru en aldrei eins og um var rætt. Eyjólfur kvað að ákærði hefði eins og haldið sér volgum en aldrei hafi neitt staðist af því sem ákærði sagði og hann hefði svikið sig trekk í trekk. Þrátt fyrir þetta hefði hann af einhverjum ástæðum afhent ákærða peninga áfram og ákærði ávallt lofað hærri ávöxtun. Ákærði hefði þannig sagt sér að hann stundaði gjaldeyrisviðskipti og Eyjólfur mætti vænta ágóða. Ákærði hefði greint sér frá því að kostnaðurinn væri við að leysa peningana út. Eyjólfur kvaðst ekki hafa skilið þetta en ákærði hefði virst hafa gríðarlega þekkingu til að tala skynsamlega um þessa hluti að því er sér virtist. Eyjólfur hafði ekki aðrar upplýsingar um fjárhagsgetu ákærða en þær sem fram komu, þess efnis að hann ætti gríðarlegar eignir hér og þar. Eyjólfur kvaðst þannig hafa treyst ákærða fullkomlega en hann hefði komið þannig fram og talað þannig um þessi mál að hann skapaði traust. Eyjólfur lýsti endurgreiðslum ákærða til sín en alls endurgreiddi ákærði 7.291.000 krónur.

### **Niðurstaða ákæruliðar VIII**

Ákærði neitar sök.

Sannað er með vitnisburði Eyjólfss Þóris Eyjólfssonar með stoð í bankagögnum, en meðal annars liggur fyrir að ákærði framseldi tékkana sem hér um ræðir en aðrar greiðslur áttu sér stað með innlögnum á reikning ákærða, að Eyjólfur afhenti ákærða fjármunina svo sem lýst er í þessum kafla ákærunnar. Sannað er með trúverðugum vitnisburði Eyjólfss Þóris, með stoð í því sem rakið var og öðrum gögnum málsins, gegn neitun ákærða, að ákærði fékk Eyjólf til að afhenda sér fjármunina með blekkingum, eins og Eyjólfur bar og lýst er í ákærinni. Með beitingu blekkinga hefur ákærði gerst sekur um fjársvik.

### **Ákæruliður IX**

Vitnið Grétar Páll Ólafsson kveðst hafa þekkt ákærða lengi. Hann kvað ákærða hafa komið að máli við sig og beðið sig um að lána sér peninga. Hann hefði gert það og lánað ákærða peningana sem í ákærinni greinir en ákærði hafi verið í „kröggum“ á þessum tíma. Ákærði hefði lofað endurgreiðslu og hann hefði lánað honum peningana í trausti þess en samningar vegna þessa hefðu verið munnlegir. Grétar Páll, sem kvaðst hafa þekkt ákærða í áratugi, kvaðst hafa talið hann borgunarmann og lánað honum í trausti þess. Hann kvað ákærða hafa endurgreitt óverulega fjárhæð, eða 200.000 til 300.000 krónur. Lánin eigi að vera greidd nú, sem ekki sé raunin.

Grétar Páll greindi frá því í lögregluskýrslu 13. apríl 2010 að ákærði hefði haft samband í apríl 2008 til að biðja um peningalán til að losa um gjaldeyri sem hann kvaðst eiga og ekki getað losað nema greiða fyrst ákveðna upphæð. Þá kveðst Grétar hafa lánað ákærða 490.000 krónur. Fyrir dómi mundi hann ekki hvers vegna ákærði bað um lánin. Þá segir í skýrslunni að Grétar hefði lánað ákærða 4.000.000 króna árið 2009 og 1.560.000 krónur í byrjun árs 2010 og allt hafi verið til að liðka fyrir dollaragreiðslum sem ákærði kvaðst eiga fastar á reikningi og að hann myndi

nota þá fjárhæð til að gera upp skuld sína við Grétar. Ítrekað spurður um þetta fyrir dómi kvaðst Grétar Páll hafa lánað ákærða peningana en hann hafi ekki vitað hvað ákærði ætlaði að gera við þá. Grétar Páll var spurður að því hvort ákærði hefði blekkst hann til lánveitinga eins og í ákæru greinir eða hvort hann hafi veitt ákærða peningalán sem hann hefði ekki greitt. Grétar Páll kvað ákærða ekki hafa greitt. Spurður hvort lánveitingarnar hefðu verið vegna gjaldeyrisviðskiptanna, svo sem í ákæru greinir, kvaðst Grétar Páll ekki muna það. Ákærði hefði sagt eitt í dag og annað á morgun. Spurður hvort hann líti á háttsemi ákærða sem svik, taldi hann svo vera þar sem ákærði hefði ekki endurgreitt lánin. Ákærði hefði ítrekað sagt að peningar væru að koma og hann hefði lánað honum áfram í trausti þess. Grétar staðfesti að yfirlit meðal gagna málsins sýni greiðslur sínar til ákærða og 200.000 króna endurgreiðslu frá honum.

### **Niðurstaða ákæruliðar IX**

Ákærði neitar sök en honum er gefið að sök að hafa blekkst Grétar Pál til að afhenda sér 8.309.000 krónur sem lán, eins og lýst er í ákærunni. Vitnið Grétar Páll, sem kvaðst hafa þekkt ákærða áratugum saman, kvað ákærða, sem verið hafi í kröggum, hafa komið til sín og beðið sig um að veita sér lán sem Grétar Páll kvaðst hafa gert í trausti þess að ákærði endurgreiddi.

Með vísan til vitnisburðar Grétar Páls um lánveitinguna og vitneskju hans um hag ákærða og fleira, og gegn neitun ákærða, er ósannað að ákærði hafi beitt Grétar Pál blekkingum og ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

### **Ákæruliður X**

Vitnið Sigurbjörg S. Guðmundsdóttir kvaðst hafa kynnst ákærða haustið 2009 en ákærði hefði boðist til að fjárfesta fyrir hana. Þau hefðu verið búin að ræða dálítið saman en ákærði sagði henni að hann hefði sniðugt „fjárfestingardæmi“ sem hann lýsti ekki frekar. Hún kvaðst ekki hafa áttað sig á því um hvað þetta snerist en hún hefði afhent ákærða fjármunina og í fyrstu hefði hann endurgreitt. Ítrekað spurð, vissi hún ekki hvernig ákærði hugðist ávaxta peningana sem hún afhenti honum en málið hafi snúist um það að ávaxta peningana sem hún afhenti ákærða og hún muni ekki hvort gjaldeyrisviðskipti hefðu verið nefnd í þessu sambandi. Það gæti hafa verið. Hún kvaðst ekki hafa veitt ákærða peningalán. Hún kvaðst ekkert hafa vitað um fjárhagsstöðu ákærða á þessum tíma. Í lögregluskýrslu af Sigurbjörgu segir hún að ákærði hefði sagt sér að hann stundaði fjármálaviðskipti fyrir sig og aðra, auk þess sem hann gerði upp húsnæði. Fyrir dóminum kvað hún þetta rétt og að hún hefði ekki vitað annað um fjárhagsstöðu ákærða en það sem þarna kemur fram. Hún staðfesti yfirlit sem sýnir fjárhæðir sem hún greiddi ákærða og endurgreiðslur frá ákærða að fjárhæð 1.690.000 krónur.

## Niðurstaða ákæruliðar X

Ákærði neitar sök.

Sannað er með vitnisburði Sigurbjargar S. Guðmundsdóttur og með stoð í bankagögnum að hún afhenti ákærða 6.800.000 í bankaávísunum, eins og lýst er í ákærinni, og að ákærði fékk hana til að leggja inn á reikninga ýmissa einstaklinga 4.998.000 krónur eins og lýst er í ákærinni. Með trúverðugum vitnisburði Sigurbjargar og með stoð í ofanrituðu og öðrum gögnum málsins er sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi beitt Sigurbjörgu blekkingum, eins og hún bar, og lýst er í ákærinni, jafnt til að afhenda sér ávísanir og til að fá hana til að leggja inn á bankareikninga sem lýst er í ákærinni. Með blekkingunum hefur ákærði gerst sekur um fjársvik.

## Ákæruliður XI

Vitnið Jenný Theódóra Ingvarsdóttir kvað Sigurbjörgu S. Guðmundsdóttur hafa hringt í sig og greint sér frá gjaldeyrisviðskiptum sínum en 600.000 krónur vantaði til að ljúka þeim. Fram kom að Sigurbjörg var í samskiptum við ákærða vegna þessa. Jenný kvaðst þá hafa greitt þá fjárhæð eins og lýst er í ákærinni og síðan var stöðugt haldið áfram að hennar sögn. Hún hafi spurt út í viðskiptin og fengið þær upplýsingar að þetta væri „allt að ske“ og henni hafi því fundist hún verða að halda áfram fjárútlátum, eins og hún gerði, þar sem hún hefði ella talið 600.000 krónurnar sem hún lagði inn 11. desember 2009 tapað fé. Hún kvaðst hafa talið ákærða nota peningana til að leysa út vörur fyrir fyrirtæki. Hún hefði spurt Sigurbjörgu að þessu og hún sagt já, þetta væri einhvern veginn svoléiðis. Hún kvað Sigurbjörgu hafa verið „millistykki“ en Jenný hefði tvisvar sinnum rætt við ákærða símléiðis. Í annað skiptið hefði hann spurt hana hvort hún gæti fengið 1.000.000 króna yfirdrátt í bankanum og í hitt skiptið hefði hann sagt að hann hefði lagt peninga inn á reikning hennar, sem reyndist ekki rétt. Peningana, sem hún innti af hendi og lýst er í ákærinni, hefði hún lagt inn á reikninga sem gefnir voru upp en Sigurbjörg veitti henni upplýsingar um þá. Hún hefði spurt Sigurbjörgu um skýringar á þessu og hafi hún þá sagt að þessar upphæðir vantaði í einhverju skyni. Hún var alls ekki viss í hvaða skyni greiða átti en hún kvað sig minna að fram hefði komið að það vantaði 1.200.000 krónur í einhverju skyni. Hún kvaðst ekki hafa áttað sig á því hvað var á ferðinni en greitt engu að síður. Allar innlagnirnar voru með sömu skýringu Sigurbjargar en Jenný kvað sér hafa fundist skrytið að hún greiddi inn á reikninga margra aðila. Sigurbjörg hefði greint frá því að ákærði væri að dreifa peningunum. Hún hefði ekki vitað neitt um ákærða. Hún treysti Sigurbjörgu og lýsti hún því. Hún kvaðst ekki hafa fengið neitt endurgreitt. Hvorki ákærði né Sigurbjörg hefðu haft samband við sig eftir þetta. Jenný Theódóra staðfesti yfirlit sem liggur frammi þar sem fram koma fjárhæðir og dagsetningar yfir greiðslur sem inntar voru af hendi og eru þær hinar sömu og í ákærinni.

Vitnið Sigurbjörg S. Guðmundsdóttir kvaðst hafa rætt við Jennýju Theódóru og greint henni frá því að ákærði væri að ávaxta peninga fyrir hana. Það varð til þess að Jenný hefði látið fé af hendi rakna og talið sig vera að fjárfesta á sama hátt og vitnið. Sigurbjörg kvaðst í einhverjum tilvikum hafa gefið Jennýju upp nöfn og

reikninga sem Jenný átti að leggja peninga inn á. Hún kvað þetta ekki hafa verið fyriræli sín heldur hefði Jenný átt sjálf þetta val og ráðið hvort hún greiddi.

## **Niðurstaða ákæruliðar XI**

Ákærði neitar sök.

Sannað er með vitnisburði Jennýjar Theódóru Ingvarsdóttur, með stoð í bankagögnum sem sýna innlegginn sem í ákæru greinir, að hún lagði þessa fjármuni inn á reikningana, svo sem lýst er í ákærinni. Þá er sannað með trúverðugum vitnisburði Jennýjar Theódóru og með stoð í vitnisburði Sigurbjargar S. Guðmundsdóttur og með stoð í öðrum gögnum málsins, gegn neitun ákærða, að hann blekkti Jennýju Theódóru, með milligöngu Sigurbjargar, til fjárútlátanna sem í ákæru greinir. Með beitingu blekkinga hefur ákærði gerst sekur um fjársvik.

## **Ákæruliður XII**

Vitnið Guðrún Bogadóttir kvaðst hafa lánað syni sínum 800.000 krónur og þeir fjármunir hefðu runnið til ákærða á sínum tíma. Sú fjárhæð var endurgreidd tveimur til þremur dögum síðar, að því er hana minnti. Eftir það fór ákærði að hringja í hana og greindi hann frá því að hann stundaði gjaldeyrisviðskipti og að hún fengi góða ávöxtun, legði hún fram peninga. Hún kvaðst ekki hafa vitað hvort frásögn ákærða af gjaldeyrisviðskiptunum væri rétt en hún hefði treyst honum og lagt inn á reikning hans þær fjárhæðir sem í ákærinni greinir en það hafi hún gert eftir að ákærði hefði hringt í hana og sagt til um hverjar fjárhæðirnar ættu að vera hvert sinn. Ákærði hefði samkvæmt þessu lofað að ávaxta peningana sem hún greiddi honum. Hún kvað ákærða hafa endurgreitt 633.125 krónur og staðfesti hún yfirlit um greiðslur hennar til ákærða og endurgreiðslurnar til sín.

## **Niðurstaða ákæruliðar XII**

Ákærði neitar sök.

Sannað er með vitnisburði Guðrúnar Bogadóttur, með stoð í bankagögnum sem sýna innlegginn sem í ákæru greinir, að hún lagði þessa fjármuni inn á reikninga ákærða svo sem lýst er í ákærinni. Þá er sannað með trúverðugum vitnisburði Guðrúnar, með stoð í öðrum gögnum málsins, gegn neitun ákærða, að ákærði fékk hana til þessa með blekkingum eins og Guðrún lýsti og svo sem í ákæru greinir. Með beitingu blekkinga hefur ákærði gerst sekur um fjársvik.

## **Ákæruliður XIII**

Vitnið Rafn Vigfússon kvaðst hafa verið verktaki hjá Orkuveitunni á þessum tíma og hann hefði unnið við frágang heimtaugar að heimili ákærða og þá hafi hann kynnst honum. Rafn kvaðst hafa ætlað í ferðalag á árinu 2009 og hinn 17. mars 2009 hefði hann afhent ákærða 300.000 krónur til að hann keypti fyrir sig gjaldeyri. Ákærði skilaði gjaldeyrinum aldrei að sögn vitnisins. Þá lýsti Rafn því að á þessum tíma hefði hann haft hug á því að skipta um gröfu. Ákærði hefði þá sagt að hann væri með nýlega gröfu og ef vitnið gæti útvegað 1.000.000 króna þá gæti hann fengið gröfuna. Rafn kvaðst hafa tekið 1.000.000 króna lán og afhent ákærða í þessu skyni og kvaðst hann hafa beðið eftir að fá gröfuklana afhenta. Grafan kom hins vegar aldrei. Þá hafi hann frétt að þetta væri allt eitthvað skrítið og tókst honum að fá milljónina endurgreidda. Ákærði hefði haft samband við sig daginn áður en hann fór í fangelsi, eins og vitnið bar, og greiddi honum 72.000 krónur í reiðufé. Síðan hefði allt farið upp í loft og kvaðst Rafn samkvæmt þessu enn eiga hjá ákærða 228.000 krónur.

Rafn nefndi ekki viðskiptin með gröfuna við skýrslutökur hjá lögreglunni undir rannsókn málsins. Spurður um þetta fyrir dóminum kvað hann þetta hafa verið eins og lýst var. Til hafi staðið að kaupa gröfu sem ekki varð úr. Fyrir liggur handskrifaður miði sem Rafn kvað ákærða hafa afhent sér. Við skýrslutöku hjá lögreglunni greindi Rafn svo frá að þar kæmu fram útreikningar ákærða um 506.000 króna ágóða sem hann gæti vænst ef af gjaldeyrisviðskiptum ákærða yrði. Fyrir dóminum kvað Rafn samskiptin hafa byrjað með gröfuvíðskiptum en síðan hafi samskiptin farið út í aðra sálma eins og Rafn bar og ákærði hefði breytt samskiptunum og reiknað vexti af milljóninni sem hann gæti vænst og hafi ákærði þá tekið að ræða gjaldeyriskaup, en fram kom hjá Rafni að hann áttaði sig ekki á því sem ákærði bar á borð fyrir hann á þessum tíma.

### **Niðurstaða ákæruliðar XIII**

Ákærði neitar sök.

Vitnið Rafn Vigfússon lýsti því fyrir dómi að hann hefði afhent ákærða 1.000.000 króna hinn 19. mars 2010 vegna fyrirhugaðra gröfukaupa sem ekki varð úr og fékk hann peningana þá til baka. Með þessum vitnisburði og gegn neitun ákærða er ósannað að ákærði hafi fengið Rafn til að afhenda sér 1.000.000 króna með blekkingum og er ákærði sýknaður af þeim hluta þessa ákæruliðar.

Sannað er með trúverðugum vitnisburði Rafns og með öðrum gögnum málsins að hann afhenti ákærða 300.000 krónur, eins og lýst er í ákærinni, og að ákærði blekkti Rafn til að afhenda sér fjármunina eins og Rafn bar og lýst er í ákærinni. Hefur ákærði með blekkingunum gerst sekur um fjársvik.

### **Ákæruliður XIV 1 og 2**

Vitnið Pétur Pétursson kvaðst hafa þekkt ákærða lengi vegna fjölskyldutengsla. Á þeim tíma sem í ákæru greinir var ákærði milliliður við jarðarsölu. Strax eftir það

hefði ákærði viljað fá peninga frá Pétri og átti það sem ákærði stundaði að vera mjög ábatasamt, að hans sögn. Pétur kvaðst hafa vitað um forsögu ákærða og hann hefði rætt við hann og eftir það trúað því að hann væri að bæta ráð sitt. Er hann afhenti ákærða 1.100.000 krónur hinn 19. desember 2006 hefði Pétur verið á heimleið eftir jarðarsöluna og hafi hann orðið að ganga frá þessari greiðslu í banka á Blönduósi á heimleiðinni, sem hann gerði. Ákærði hefði sagt að peningarnir yrðu komnir aftur inn á reikning Péturs áður en hann kæmi heim til sín. Skýringar ákærða voru þær að hann þyrfti þessa fjárhæð til að losa um peninga sem tengdust jarðarsölu og að þetta skilaði sér strax á meðan ákærði æki frá Blönduósi í Skagafjörð. Hins vegar stóðst ekkert af því sem ákærði sagði. Hann hafi áður afhent ákærða 700.000 krónur hinn 13. desember 2006. Þá kvaðst Pétur hafa afhent ákærða fjármunina sem lýst er í 2. lið þessa kafla ákærunnar. Ákærði hefði gefið þá skýringu að hann væri að losa um fjármagn og allt væri pottþétt. Pétur hefði vitað að svo væri ekki en hann hefði greitt í trausti þess að hann liðkaði fyrir og fengi endurgreitt en Pétur kvaðst oft hafa leitað eftir endurgreiðslum frá ákærða sem þá bað um meira fjármagn til þess að liðka fyrir, eins og það var kallað. Pétur kvaðst ekki hafa vitað um bága fjárhagsstöðu ákærða enda hefði hann ekki lifað þannig og hann hefði treyst því að hann væri borgunarmaður. Fram kom hjá Pétri að „þetta hafi verið ein hringavitleysa frá upphafi til enda og stóðst ekki eitt eða neitt“. Pétur kvaðst hafa hugsað peningana sem hann afhenti ákærða sem lán og hann hefði trúað því að fjármunirnir myndu skila sér. Hann kvaðst í dag ekki hafa góða mynd af þessu máli og hann vildi helst gleyma því. Pétur staðfesti yfirlit um greiðslur sínar til ákærða og endurgreiðslur frá ákærða að fjárhæð 14.030.164 krónur sem komu gegnum banka Péturs en Jón Hallur Ingólfsson, starfsmaður bankans, hefði fundið út hver heildarendurgreiðslan var enda hafi hún öll farið um bankareikninga Péturs og allt sé þar rekjanlegt.

Vitnið Jón Hallur Ingólfsson kvaðst hafa haldið utan um mál Péturs Péturssonar í bankanum þar sem vitnið starfaði á þeim tíma sem í ákærinni greinir. Pétur hafi óskað eftir því að vitnið fylgdist með greiðslum frá ákærða inn á reikning sinn. Ákærði hefði haft samband við vitnið símleiðis, þar sem ákærði talaði en vitnið hlustaði, eins og Jón Hallur bar. Jón Hallur lýsti því er ákærði fór þess eitt sinn á leit við hann að hann hefði samband við einhverja aðila, sem hann mundi ekki hverjir voru en ákærði skuldaði peninga, og átti vitnið að fullvissa þá um að peningarnir væru á leiðinni. Jón Hallur kvaðst ekki hafa tekist þetta verk á hendur. Jón Hallur lýsti því er Pétur Pétursson var staddur á skrifstofu vitnisins er Pétur fékk sams konar beiðni frá ákærða um að hringja í aðila fyrir sig. Jón Hallur staðfesti að hafa tekið saman heildarfjárhæð sem sýni endurgreiðslu ákærða á reikning Péturs Péturssonar, samtals 14.030.164 krónur.

## **Niðurstaða ákæruliðar XIV 1 og 2**

Ákærði neitar sök.

Sannað er með vitnisburði Péturs Péturssonar, með stoð í bankagögnum sem sýna öll innleggin á reikning ákærða, að Pétur hafi afhent ákærða fjármunina svo sem lýst er í þessum ákærulið. Þá er sannað með trúverðugum vitnisburði Péturs, með stoð í vitnisburði Jóns Halls Ingólfssonar og öðrum gögnum málsins, gegn neitun ákærða, að ákærði fékk Pétur til að afhenda sér fjármunina með blekkingum, eins

og Pétur bar og lýst er í ákærinni. Með beitingu blekkinga hefur ákærði gerst sekur um fjársvik.

### **Ákæruliður XV**

Vitnið Einar Benediktsson kvaðst hafa verið verslunarstjóri ÁTVR í Garðabæ er ákærði kom til hans og sagðist geta aðstoðað hann við að græða peninga á krónubréfum. Einar kvaðst ekki hafa þekkt ákærða áður utan að hann hefði pantað fyrir hann ákveðnar vintegundir. Einar kvaðst hafa tekið erindi ákærða fálega í fyrstu. Ákærði hefði verið mjög sannfærandi og hann hefði getað „dáleitt mann“ eins og Einar bar en hann kvaðst enga vitneskju hafa haft um bakland ákærða sem sjálfur lagði enga peninga í púkkið. Hann kvað ákærða hafa endurgreitt að hluta, eins og síðar verður rakið. Ástæðu fjölda greiðslna til ákærða, sem vitnið kvað ekki hafa verið lán, kvað hann þá að ákærði hefði stöðugt sagt að meiri peninga þyrfti svo unnt yrði að leysa hærri fjárhæðir út svo hann gæti endurgreitt að fullu. Þannig hefði Einar stöðugt greitt ákærða peninga í þessu skyni. Hann hefði spurt ákærða út í þetta en þetta hefði verið slík vitleysa, að hans sögn, og hann hefði aldrei lent í öðru eins en því miður hefði hann lagt trúnað á frásögn ákærða og greitt. Einar staðfesti yfirlit um greiðslur til ákærða sem ýmist voru í formi tékka sem ákærði innleysti eða innágreiðslur á bankareikning ákærða og fjárhæðin sem ákærði endurgreiddi, samtals 10.954.772 krónur, en þar vantaði í yfirlitið 300.000 króna greiðslu sem ákærði innti af hendi eftir að samantektin sem um ræðir var unnin.

### **Niðurstaða ákæruliðar XV**

Ákærði neitar sök.

Sannað er með vitnisburði Einars Benediktssonar og með stoð í bankagögnum sem sýna framsal ákærða á ávísunum og innlegg á reikning ákærða að Einar afhenti ákærða fjármunina svo sem lýst er í ákærinni. Þá er sannað með trúverðugum vitnisburði Einars, sem fær stoð í öðrum gögnum málsins, gegn neitun ákærða, að ákærði fékk Einar til afhendingar fjárins með blekkingum eins og ákærði bar og lýst er í ákærinni. Hefur ákærði með beitingu blekkinga gerst sekur um fjársvik.

### **Ákæruliður XVI 1 og 2**

Vitnið Kristinn Ingi Sigurjónsson kvað ákærða hafa vanið komur sínar á vinnustað vitnisins á þessum tíma. Ákærði hefði greint sér frá því að hann stundaði ábatasöm gjaldeyrisviðskipti, eins og lýst er í ákærinni, og bauð hann Kristni að taka þátt í þeim en hann kvaðst hafa hugsað sig um. Hann kvaðst síðan hafa lagt til lága upphæð sem ákærði skilaði til baka ásamt ávöxtun. Nánar spurður kvað hann rétt að líta á peningaafhendinguna til ákærða sem lán gegn lofordi um endurgreiðslu eins og rakið var. Ákærði hefði verið mjög sannfærandi en öll fóru viðskiptin gegnum reikning í Arion banka. Kristinn kvaðst ekkert hafa vitað um fjárhagsgetu ákærða en ákærði sagðist stunda gjaldeyrisviðskipti í tengslum við mann sem heiti

Sigurjón en Kristinn kvaðst að einhverju leyti hafa vitað bakgrunn ákærða. Hann hefði þó látið til leiðast og afhent honum 1.400.000 krónur hinn 26. nóvember 2007, gegn loforði um að ákærði afhenti sér vikulega peningana auk ávöxtunar. Fljótlega kom í ljós að þetta gekk ekki eftir og ákærði skilaði engu til baka. Kristinn kvaðst hafa hringt mjög oft í ákærða til að rukka hann og hafi ákærði endurgreitt hægt og bítandi og það hafi tekið sig um 16 mánuði að ná til baka 1.400.000 krónum sem lýst var, án ávöxtunar.

Kristinn kvað afhendingarnar í tíu skipti, sem í 2. ákæruliðnum greinir, hafa verið þannig til komnar að ákærði hefði ávallt verið „við bjargbrúnina“ eins og vitnið bar, og ákærði hefði sagt að banki kæmi í veg fyrir að hann gæti leyst út fjármuni og sig vantaði peninga til að ljúka viðskiptum. Þótt sig hafi grunað að ekki væri allt með felldu, hefði ákærða engu að síður tekist að fá sig til að halda samskiptunum áfram og þetta hefði snúist um það að ákærði gæti lokið viðskiptunum í því skyni að Kristinn fengi einhvers konar uppgjör við ákærða, sem aldrei varð. Lýsingin í ákærinni sé því rétt um þessar tíu greiðslur inn á bankareikning ákærða. Hann kvaðst ekki hafa gert bótakröfu í málinu þar sem hann hafi viljað sem minnst um málið vita. Hann telji sig hafa verið blekktan og hafa gert mistök. Kristinn staðfesti yfirlit vegna þessa ákæruliðar þar sem fram koma greiðslur hans til ákærða og endurgreiðslur frá ákærða að fjárhæð 1.758.000 krónur.

## **Niðurstaða ákæruliðar XVI 1 og 2**

Ákærði neitar sök.

Sannað er með vitnisburði Kristins Sigurjónssonar, með stoð í bankagögnum sem sýna öll innlegg sem í ákæru greinir, að Kristinn lagði alla fjármunina inn á reikning í eigu ákærða. Þá er sannað með trúverðugum vitnisburði Kristins, með stoð í öðrum gögnum málsins, gegn neitun ákærða, að ákærði hafi blekkt Kristin til þessa svo sem Kristinn bar og lýst er í ákærinni. Með beitingu blekkinga hefur ákærði gerst sekur um fjársvik.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður gerst sekur um brot. Brot ákærða eru stórfelld og varða verulegar fjárhæðir. Brot ákærða beindust gegn einstaklingum sem urðu fyrir mjög verulegu og tilfinnanlegu fjártjóni, eins og rakið var, og er þetta virt til refsipýngingar, sbr. 2. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Vísað er til umfjöllunar einstakra ákæruliða um fjárhæðir sem ákærði endurgreiddi. Brotavilji ákærða var einbeittur og hefur það áhrif til refsipýngingar, sbr. 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir að öllu ofanrituðu virtu hæfilega ákvörðuð fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skal draga frá refsivistinni gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 12. apríl 2010 til 21. maí 2010 með fullri dagatölu.

Nú verður vikið að bótakröfum.

Dráttarvextir sem dæmdir eru reiknast í öllum tilvikum frá 2. ágúst 2013 en þá var mánuður liðinn frá birtingu allra bótakrafna fyrir ákærða fyrir dómi.

Þá liggur fyrir að ákærði hefur engin gögn lagt fram sem sýna að hann hafi greitt meira til hvers og eins bótakrefjenda en fram kemur í viðkomandi ákærulið en látið er að því liggja í greinargerð verjanda vegna sumra ákæruliða. Er tekið mið af þessu við ákvörðun bóta.

Bótakrafa Önnu Luan Vu.

Ákærði er bótaskyldur vegna háttseminnar í I. kafla ákæru og er hann dæmdur til að greiða Önnu 1.730.000 krónur auk vaxta eins og í dómsorði greinir. Þá greiði ákærði Önnu 125.500 krónur í málskostnað.

Bótakrafa Halldórs Einarssonar.

Ákærði er bótaskyldur vegna háttseminnar í III. kafla ákæru og er hann dæmdur til að greiða Halldóri 1.717.940 krónur auk vaxta svo sem í dómsorði greinir. Krafa Halldórs um kostnað, eins og lýst er, er óljós og er sá hluti kröfugerðarinnar ódómtækur og er honum vísað frá dómi.

Bótakrafa Arnar Bárðar Jónssonar.

Ákærði er bótaskyldur vegna háttseminnar í V. kafla ákæru og er hann dæmdur til að greiða Erni Bárði 8.238.602 krónur auk vaxta svo sem í dómsorði greinir. Þá greiði ákærði Erni Bárði 188.250 krónur í málskostnað.

Bótakrafa Egils Hjartar.

Ákærði er bótaskyldur vegna háttseminnar í VII. kafla ákæru og er hann dæmdur til að greiða Agli Hjartar 2.105.000 krónur. Vaxtakrafa er svo óljós að henni ber að vísa frá dómi.

Bótakrafa Jennýjar Theódóru Ingvarsdóttur.

Ákærði er bótaskyldur vegna háttseminnar í XI. kafla ákæru og er hann dæmdur til að greiða Jennýju Theódóru 2.020.000 krónur auk vaxta svo sem í dómsorði greinir.

Vísað er til ákærunnar um samsetningu bótakröfu Guðrúnar Bogadóttur samkvæmt XII. kafla ákæru. Ákærði er bótaskyldur vegna háttseminnar í XII. kafla ákæru og er hann dæmdur til að greiða Guðrúnu 813.575 krónur en ekki er gerð vaxtakrafa. Engin gögn liggja til grundvallar miskabótakröfunni og er henni vísað frá dómi. Þá greiði ákærði Guðrúnu 125.500 krónur í málskostnað.

Bótakrafa Rafns Vigfússonar.

Ákærði er bótaskyldur vegna háttseminnar í XII. kafla ákæru og er hann dæmdur til að greiða Rafni 228.000 krónur auk vaxta svo sem í dómsorði greinir en upphafs dags vaxta er ekki getið og verða því aðeins dæmdir dráttarvextir frá 2. ágúst 2013.

Bótakrafa Péturs Péturssonar.

Ákærði er bótaskyldur vegna háttseminnar í XIV. kafla ákæru og er hann dæmdur til að greiða Pétri 577.836 krónur auk vaxta svo sem í dómsorði greinir.

Bótakrafa Einars Benediktssonar.

Ákærði er bótaskyldur vegna háttseminnar í XV. kafla ákæru og er hann dæmdur til að greiða Einari 4.987.943 krónur auk vaxta svo sem í dómsorði greinir en upphafs dags vaxta er ekki getið og verða því aðeins dæmdir dráttarvextir frá 2. ágúst 2013. Upphafleg bótakrafa er samkvæmt þessu lækkuð um 300.000 krónur sem Einar kvað ákærða hafa greitt eftir að krafan var sett fram.

Bótakröfur vegna ákæruliða VIII. og X. kafla ákæru falla niður vegna útivistar.

Ákærði greiði 5.308.650 króna málsvarnarlaun Björns Ólafs Hallgrímssonar hæstaréttarlögmanns að meðtöldum virðisaukaskatti. Þóknun verjandans er fyrir vinnu undir rannsókn málsins og dómsmeðferð. Þá greiði ákærði verjanda sínum 55.680 krónur í aksturskostnað.

Jón H. B. Snorrason saksóknari flutti málið fyrir ákæruvaldið.

Guðjón St. Marteinson héraðsdómari kveður upp dóminn.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Sigurður Kárason, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði en til frádráttar refsivistinni komi gæsluvarðhald ákærða frá 12. apríl 2010 til 21. maí 2010 með fullri dagatölu.

Ákærði greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur:

Önnu Luan Vu, kt. 000000-0000, 1.832.792 krónur með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 170.000 frá 2. janúar 2009, af 360.000 krónum frá 9. janúar 2009 og af 200.000 krónum frá 7. apríl 2007 til 2. ágúst 2013 en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. mgr. 6. gr. vaxtalaga til greiðsludags. Ákærði greiði Önnu 125.500 krónur í málskostnað

Halldóri Einarssyni 1.717.940 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 6. mars 2009 þar til 2. ágúst 2013 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Erni Bárði Jónssyni 8.238.602 krónur auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 1. apríl 2010 til 2. ágúst 2013 en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Ákærði greiði Erni Bárði 188.250 krónur í málskostnað.

Agli Hjartar, kt. 000000-0000, 2.105.000 krónur.

Jennýju Theodóru Ingvarsdóttur, kt. 000000-0000, 2.020.000 krónur auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 11.12.2009 til 2. ágúst 2013 en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Guðrúnu Bogadóttur 813.575 krónur í skaðabætur og 125.500 krónur í málskostnað.

Rafni Vigfússyni 228.000 krónur auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 17. mars 2010 til 2. ágúst 2013 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Péttri Péturssyni 577.836 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 2. ágúst 2013 til greiðsludags.

Einari Benediktssyni, kt. 000000-0000, 4.987.943 krónur auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 2. ágúst 2013 til greiðsludags.

Ákærði greiði 5.308.650 króna málsvarnarlaun Björns Ólafs Hallgrímssonar hæstaréttarlögmanns að meðtöldum virðisaukaskatti og 55.680 krónur í aksturskostnað.

Guðjón St. Marteinsson